



## Beygjutogstyrkur bita með basaltrefjabundinni steinsteypu. Samantektarskýrsla

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar  
Mars 2024



## Lykilsíða

Höfundur skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundur starfar hjá.

Númer skýrslu/gerð skýrslu	Fjöldi síðna	Dagsetning	Dreifing
Nr. 1800-985/Samantektarskýrsla	132	30.3.2024	Opin
<b>Heiti skýrslu</b>			
Beygjutogstyrkur bita með basalttrefjabundinni steinsteypu.			

Report Title in English
Bending tensile strength of beams with basaltfiber reinforced concrete

Höfundur	Verkefnastjóri/ar	Tengiliður Vegagerðarinnar
Birgir Leó Ólafsson	Birgir Leó Ólafsson Guðbjartur Jón Einarsson Eyþór Rafn Þórhallson	Ólafur Sveinn Haraldsson

Styrktaraðilar	Samvinnuaðilar
Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar BM Vallá Mannvit verkfræðistofa	Háskólinn í Reykjavík BM Vallá Mannvit verkfræðistofa

**Útdráttur**

Í þessari rannsókn var skoðaður beygjutogstyrkur trefjastyrktra steyptra bita með því að bæta fyrirfram ákveðnu hlutfalli af basalttrefjum í steypublöndurnar. Tvær gerðir af staðlaðri C30/37: XC1-S2-8/16 og C50/60 XC1-S4-0/8 steinsteypu voru notaðar í þessari rannsókn með stærð steinefna 8/16mm og hin með steinefna stærð takmörkuð við 0/8mm. Í rannsókninni voru einnig notaðar tvær mismunandi gerðir af basalttrefjum: annarsvegar Reforcetech minibar sem er stíf basaltstöng með þvermál 0,72 mm og lengd 50 mm og hinsvegar Basaltex BCS17-25.4-KV1 er 30 mm að lengd með flatt þversnið 0,017 × 4 mm. Prófunaraðferðin sem notuð var í rannsókninni mælir beygjutogstyrk trefjabentrar steinsteypu. Prófunaraðferðin sem notuð var í rannsókninni mælir beygjutogstyrk trefjabentrar steinsteypu.

**Abstract**

This report presents a study on the bending tensile strength of fiber-reinforced concrete beams. The study involved adding an optimal percentage of basalt fibers to two types of standard concrete, namely C30/37: XC1-S2-8/16, and C50/60XC1-S4-0/8. The maximum aggregate size for each type of concrete was limited to 16 mm and 8 mm, respectively. Two kinds of basalt fibers were used in the study: Reforcetech minibar, which is a stiff basalt fiber with a diameter of 0.72 mm and a length of 50 mm, and Basaltex BCS17-25.4-KV1, which is 30 mm in length with a flat cross-section of 0.017 x 4 mm. The study used a testing method that measures the flexural efficiency of the strength parameters extracted from fiber-reinforced concrete.

**Lykilorð**

Steinsteypa, basalttrefjar, beygjuþol, togstyrkur, sement, steinefni

**Undirskrift verkefnastjóra**

**Yfirfarið af**

ÓSH

# Efnisyfirlit

<b>Samantektarskýrsla .....</b>	<b>1</b>
<b>Lykilsíða .....</b>	<b>2</b>
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>4</b>
<b>1 Inngangur.....</b>	<b>6</b>
1.1 Formáli. 6	
1.2 Markmið og tilgáta. ....	7
1.3 Aðferðafræðin. ....	9
1.3.1 Rannsóknin. ....	9
1.3.2 Beygjutogpróf (sveigjustyrkur). ....	9
1.3.3 Skilgreiningar í steypuframléiðslu. ....	10
<b>2 Fræðilegur bakgrunnur.....</b>	<b>24</b>
2.1 Saga steinsteypunnar. ....	24
2.1.1 Söguleg þróun sements og steinsteypu.....	24
2.1.2 Steinsteypa á Íslandi.....	26
2.1.3 Steinsteypurannsóknir á Íslandi. ....	30
2.2 Basalt. 32	
2.2.1 Sögulegt ágríp.....	32
2.2.2 Jarðfræðileg ágríp.....	32
2.3 Trefjar í steypu.....	34
2.3.1 Sögulegt ágríp.....	34
2.3.2 Framleiðsla basalttrefja. ....	36
2.4 Steinefni í steinsteypu. ....	38
2.4.1 Ágríp. 38	
<b>3 Efni og aðferðir.....</b>	<b>39</b>
Rannsóknin. 39	
3.1.1 Um trefjarnar.....	42
3.1.2 Myndir frá framkvæmd og rannsókn.....	44
<b>4 Niðurstöður.....</b>	<b>51</b>
Beygjutogstyrkur C30/37:SC1 trefjasteypu. ....	51
4.1.1 Útreikningar og jöfnur. ....	51
4.1.2 Reforcetech Minibars 12kg/m <sup>3</sup> í C30/37:XC1-8/16 steypu. ....	55
4.1.3 Reforcetech Minibars 12kg/m <sup>3</sup> í C50/60XC1-S4-0/8 steypu. ....	60
4.1.4 Samanburður á Reforcetech Minibars í C50/60XC1-S4-0/8 steypu og C30/37:XC1-S2-8/16 steypu með skammtastærð trefja 12kg/m <sup>3</sup> . ....	64
4.1.5 Reforcetech Minibars 16kg/m <sup>3</sup> í C30/37:XC1-8/16 steypu. ....	65
4.1.6 Samanburður á Reforcetech Minibars í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu með skammtastærð trefja 12kg/m <sup>3</sup> og 16kg/m <sup>3</sup> .....	71
4.1.7 Basaltttx BCS17-25.4-KV1 12kg/m <sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu. ....	72
4.1.8 Basaltttx BCS17-25.4-KV1 12kg/m <sup>3</sup> í C50/60XC1-S4-0/8 steypu. ....	77
4.1.9 Samanburður á Basaltttx BCS17-25.4-KV1 12kg/m <sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 og C50/60XC1-S4-0/8 steypu. 82	
<b>5 Mat á niðurstöðum .....</b>	<b>83</b>
Samantekt. 83	
Hver eru áhrif mismunandi trefjagerða á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ?.....	83

Hver eru áhrif mismunandi skammtastærða basalttrefja á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ? ..... 86

Hver eru áhrif tveggja ólíkra steypublandna á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ? 89

Niðurstöður 92

**6 Heimildaskrá ..... 94**

Heimildaskrá 94

**7 Viðaukar ..... 100**

Viðauki A 101

Ritrýnd og útgefin grein höfundar *“Flexural performance of chopped Basalt fiber Reinforced Concrete Beams”* ..... 101

Viðauki B 110

7.1.1 Tilvísanir..... 132

# 1 Inngangur.

## 1.1 Formáli.

Rannsókn þessi er hluti lokaverkefnis meistaranáms Birgis Leó Ólafssonar við Byggingarverkfræði við Háskólann í Reykjavík. Ritgerðin fjallar um áhrif mismunandi gerða basalttrefja í tveimur ólíkum steypublöndum á beygjutogstyrks eiginleika steypunnar. Samfara ritgerðinni skrifaði skrifaði höfundur vísindagrein sem fjallar í styttra máli um rannsóknina sem þetta verkefni fjallar um, þ.e.a.s. Beygjutogstyrkur basalttrefjabundinnar steinsteypu. Greinin var kynnt á MATBUD'2023 vísinda, og tækniráðstefnunni sem haldin var í lok apríl í Krakow í Póllandi. Greinin hefur verið birt opinberlega á prenti í bókinni "10th MATBUD'2023 Scientific-Technical Conference" (2)

Áhugi minn á steinsteypu hefur verið fyrir hendi alveg frá því ég fór að vinna við húsasmíðar að loknum grunnskóla. Eftir að ég lauk sveinsprófi frá Húsasmíðabraut Fjölbautaskólans á Selfossi vann ég í allmörg ár við uppsteypu húsa víða um land og öðlaðist við það allgóða þekkingu á framleiðslu og niðurlögn steypu við ýmsar aðstæður. Þróun steinsteypu hefur alla tíð síðan verið mér hugleikið viðfangsefni og það var því afar ánægjulegt þegar mér bauðst tækifæri til að taka þátt í stækkun Búrfellsvirkjunar á árunum 2016 til og með 2018 með nokkrum af fremstu steinsteypusérfræðingum landsins. Vinnan í Búrfelli þessi ár, verkefni og áskoranirnar sem þau innifólu reyndist mér dýrmæt reynsla sem kynnti enn frekar undir áhuga mínum á þróun steinsteypu á Íslandi.

Hugmyndin að því að fjalla um basalttrefjar í steinsteypu kviknaði árið 2017 þegar ég var að vinna við stækkun Búrfellsvirkjunar eins og áður segir. Í upphafi þess verks var mikið unnið með plasttrefjar í sprautusteypu. Eins og þekkt er, þá hefur framleiðsla plasts verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Framleiðslan og notkun plasts stuðlar að loftslagsbreytingar sökum mikillar notkunar á jarðefnaeldsneyti og beinnar mengunar út í umhverfið þar sem það er notað (3). Af þeim sökum var ákveðið að banna notkun plasttrefja í verkinu en nota þess í stað stáltrefjar, þar sem þær trefjar eru taldar hafa minni mengunaráhrif á umhverfið en plasttrefjar. Í umræðunni sem spannst í kjölfar ákvörðunar á verkstað um að banna notkun plasttrefja þá var nefnt að ein lausnin gæti falist í notkun basalttrefja. Þar sem stáltrefjar og framleiðsla þeirra hefur einnig neikvæð umhverfisáhrif þá gætu basalttrefjar verið lykillinn að lausninni. Þrátt fyrir að niðurstaða þeirrar umræðu hafi verið

sú að nota stáltrefjar í sprautusteypu Búrfellsvirkjunar 2, þá var áhugi minn á málefningu og möguleikum á framhaldsnámi á þessu sviði, vakinn.

## 1.2 Markmið og tilgáta.

Hefðbundin steinsteypa er það byggingarefni sem mest er notað við byggingarframkvæmdir í heiminum. Samfara aukinni þekkingu á steinsteypunni, kostum hennar og göllum, hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að með íblöndun og íaukum í steypuna er hægt að bæta úr þeim efniseiginleikum sem hafa helst dregið úr því að steinsteypa hefur ekki alltaf hentað sem byggingarefni í mannvirki. Er þá aðallega verið að vísa til hversu lítið togþol og litla svignun steypan þolir miðað við önnur byggingarefni. (1) (4) (5) (6)

Notkun trefja, þá helst stál,- og plasttrefja, er þekkt lausn til íblöndunar, og til þess fallin að bæta eiginleika steinsteypu hvað varðar togþol og flotorku en notkun stál,- og plasttrefja hafa neikvæð áhrif á umhverfið og náttúruna. Sökum mikillar orkunotkunar við framleiðslu er notað jarðefnaeldsneyti og rafmagn framleitt með óumhverfisvænum, svo sem í kjarn- og kolaorkuverum.

Aðrar trefjagerðir, til dæmis basalttrefjar, hafa sýnt að aukinn styrkur trefjanna hefur bein áhrif á eiginleika steypunnar, umfram aðrar trefjar. Framleiðsla basalttrefja er einnig álitin umhverfisvænni framleiðsla heilt yfir lítið, með umtalsvert minni mengandi umhverfisáhrif á byggingarstað en aðrar trefjar, sérstaklega plasttrefjar.

Í þessu verkefni er horft til íblöndunar basalttrefja í tvær gerðir steypublandna og áhrifa þeirra á eiginleika steinsteypunnar.

Markmið verkefnisins er að bera saman áhrif mismunandi kornastærða í steypu í tvennskonar gerðum af trefjum með tilliti til beygjutogstyrks. Gerð er samanburðarrannsókn á beygjutogstyrk steyptra bita með rannsóknaraðferð sem byggð er á ÍST EN 14488-3:2006 og skýrslu frá ACI(American Concrete Institute), ACI 544.4R-18 sem er stöðluð rannsóknaraðferð fyrir beygjutogstyrk trefjastyrktrar steinsteypu (biti með fjögurra punkta álagi). Þessi prófunaraðferð mælir sveigjuþol trefjabentrar steinsteypu sem fæst með því að mæla einfalt studdann bita undir fjögurra punkta álagi, sjá nánar í kafla 1.3.2. (7) (8)

Tilgátan er sú að með breytilegri kornastærð steinefnis, mismunandi tegundum basalttrefja og breytilegu sementsmagni, megi útvíkka notagildi basalttrefjabundinnar steinsteypu þannig að hún geti skoðast sem öruggur, raunhæfur, umhverfisvænn og hagkvæmur kostur við aðrar gerðir trefjasteypu.

Í verkefninu verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- **Hver eru áhrif mismunandi trefjagerða á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ?**
- **Hver eru áhrif skammtastærða basalttrefja á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ?**
- **Hver eru áhrif tveggja ólíkra steypublandna með mismunandi miklu sementsmagni á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ?**



### 1.3 Aðferðafræðin.

#### 1.3.1 Rannsóknin.

Tilgangur tilraunarinnar fólst í því að bera saman tvær tegundir af basalttrefjum sem framleiddar voru af tveimur framleiðendum í tveimur ólíkum gerðum af steypublöndu. Skammtagildin fyrir basalttrefjarnar voru þau sömu 12 og 16 kg á hvern rúmmetra af steypu og kornastærð steinefna var 0/8 annarsvegar og 8/16 hinsvegar. Rannsóknaraðferðin var byggð á ÍST EN 14488-3:2006. „*Testing sprayed concrete—Part 3: Flexural strengths (first peak, ultimate and residual) of fiber reinforced beam specimens*“. Sjá nánar í kafla 3.1.


Steypublöndurnar sem notaðar voru í rannsóknunum flokkast sem C30/37:XC1-8/16 með kornastærð 8/16mm og 350 kg/m<sup>3</sup> af sementi og C50/60XC1-S4-0/8 með kornastærð 0/8mm og 550 kg/m<sup>3</sup> af sementi. (9)

#### 1.3.2 Beygjutogpróf (sveigjustyrkur).


Tilgangur tilraunarinnar var að kanna beygjutogstyrk basalttrefjastyrktrar steinsteypu með því að gera samanburð tveggja steypublandna með tveimur mismunandi kornastærðum og tveimur gerðum af basalttrefjum. Í verkefninu voru notaðar niðurstöður tveggja rannsókna, annarsvegar rannsókn höfundar á hefðbundinni C30/37:XC1 með 8/16mm kornastærð og tveimur mismunandi trefjagerðum í skammtastærð 12 kg/m<sup>3</sup> og 16 kg/m<sup>3</sup> og hinsvegar rannsókn Jóhanns Inga Jónssonar sem prófaði samskonar basalttrefjar en í C50/60XC1-S4-0/8 steypu með kornastærð 0/8mm og skammtagildi 12 kg/m<sup>3</sup>. Rannsókn Jóhanns Inga var hluti lokaverkefnis hans til B.Sc í byggingartæknifræði við Háskólann í Reykjavík. (10)

Við framkvæmd prófsins var stuðst við ÍST EN 14488-3:2006 og skýrslu frá ACI(American Concrete Institute), ACI 544.4R-18 sem lýsir aðferð s.k.v. ASTM C1609/C1609M og miðar þessi prófunaraðferð að því að framkalla vægisbrot í bitunum (tog í þversniðinu) sem leiðir af sér að hægt er að mæla beygjutogstyrk steypubitanna. Gert var fjögurra punkta álagspróf eins og því er lýst í staðlinum, en þessi aðferð gefur nákvæma mynd þegar litið er til áhrifa trefjana við að dreifa togálaginu sem myndast í þversniðinu, og tryggir að um vægisbrot sé að ræða í stað skerbrots. Í staðlinum er einnig í boði að taka samskonar próf en með þremur álagspunktum, þ.e.a.s. kraftinum F er beitt á miðjan bita í stað þess að deila honum í tvennt, sjá mynd 1 og 2. Munurinn á þessum tveimur útfærslum prófanna er að í 3ja punkta beygjuprófinu er álagssvæðið minna samanborið við svæðið sem boðið er upp á í 4-punkta álagsbeygjuprófinu. Fyrir vikið er dreifing hámarksálags jafnari og breiðari í 4-punkta beygjuprófinu samanborið við 3-punkta beygjuprófið.

Prófið lýsir álagsferli í hlutfalli við niðurbeygju og hegðun eftir að vægisbrot hefur átt sér stað. Sérstaklega er verið að skoða hegðun eftir brot á sýni (e. post-peak behaviour analysis), þar sem trefjar auka seiglu (e. toughness) steypunnar. (11) (12) (13) (4)



**Mynd 1. Einföld skýringarmynd sem sýnir mun á fjögurra punkta og þriggja punkta álagsprófi.**



**Mynd 2. Skýringarmynd fyrir fjögurra punkta beygjupróf s.k.v. ÍST EN 14488-3:2006.**

### 1.3.3 Skilgreiningar í steypuframléiðslu.

Hlutfeni steinsteypu eru steinefni, sement, vatn, íblendi og íaukar. Hefð hefur verið fyrir því hér á landi undangengna áratugi að nota orðið fylliefni um steinefni sem ætlað er til nota í steinsteypu. Sú málvenja hefur verið að breytast og í þessari ritgerð er notað orðið steinefni, sem þýðingu á orðinu „aggregate“, sbr. staðal ÍST EN 12620.

### 1.3.3.1 Steinsteypa.

Steinsteypa er byggingarefni gert úr blöndu af sandi og mól sem bundið er saman með sementsefju sem er blanda af sementi og vatni. Þegar sement og vatn blandast saman fara af stað efnahvörf á milli kalks (CaO) úr sementinu og vatns  $H_2O$ ;  $Ca_3SiO_5 + H_2O \rightarrow (CaO) \cdot (SiO_2) \cdot (H_2O)(gel) + Ca(OH)_2$  sem verða til þess að steypan harðnar. Við þessi efnahvörf myndast umframvatn sem svo myndar holrými í sementsefjunni og veikir hana. Þess vegna er svo mikilvægt að nota ekki meira vatn en nauðsyn krefur þegar verið er að blanda steypu. Hinsvegar þarf einnig að hafa í huga að þjálni steypunnar er mikilvægt þegar kemur að vinnanleika hennar og að með góðu móti sé hægt að koma steypunni fyrir í mótunum og að hún leggjist jafnt og án erfiðleika. Blöndunarhlutfall fyrir hefðbundna steypu fer eftir því hvaða styrkleika verið er að leitast eftir við framleiðslu en til almennrar viðmiðunar er hefðbundin steypublanda 1 hluti sementi á móti 6 hlutum steinefnis og vatnssementstölu v/s, að hámarki 0,65. (14) (15)

Sá eiginleiki sem mest er verið að sækjast eftir í steinsteypu er hár þrýstistyrkur. Hár þrýstistyrkur er forsenda þess að hægt sé að ná nægilegu burðarþoli í mannvirkjum til lengri tíma og er steinsteypa því heppilegt byggingarefni þegar horft er til þess. Sé hinsvegar horft til veikleika steypunnar þá er það fyrst og fremst togstyrkur steypunnar sem þarf sífellt að hafa í huga við hönnun og útfærslu í burðarþolshönnun steyptra mannvirkja. Lágt togþol steinsteypunnar eykur hættu á sprungum í steypu sem verða til vegna innri spennu sem myndast í steypunni. Nokkrar ástæður geta orsakað innri spennu til dæmis hitabreytingar og munar á kjarnhita og yfirborðshita steypunnar. Það er þessvegna mikilvægt að hafa í huga að aðhlúun steypunnar sé eins góð og kostur er þar sem á fyrsta aldurs skeiði steypunnar eru allir efniseiginleikar háðir steypuhita og tíma. Hafi aðhlúun verið ábótavant á þroskatíma hennar geldur steypan þess til frambúðar og skemmdir koma fram fyrir en ella.

Framleiðsla steypu er oftast hefðbundin að því leyti að farið er eftir hefðbundnum aðferðum við steypublöndun og blönduhlutfall hlutferna eru í hefðbundnum skömmtum. Sérsteypur eru sérhannaðar steypur sem eru búnar til fyrir ákveðna notkun eða til að uppfylla ákveðna kröfur sem venjuleg steypa getur ekki uppfyllt. Sérsteypur eru yfirleitt hannaðar fyrir sértækt umhverfi eða styrkkröfur sem hefðbundin steinsteypa mundi ekki ná án þess að eiga það á hættu að efniseiginleikar steypunnar uppfylli ekki kröfum sem gerðar hafa verið til efnising og þarf að uppfylla. Dæmi um slíkar kröfur eru til dæmis lágt hitastig, vatnsgegndræpi eða yfirborðstyrks. Til eru margar gerðir steypublandna hver með sína einstöku eiginleika og notkunarmöguleika. Í slíkum steypum hafa ýmsir eiginleikar steypunnar verið bættir í þeim tilgangi að uppfylla kröfur sem hefðbundin steinsteypa nær ekki að uppfylla.

### 1.3.3.2 Sérsteypur.

#### Sjálfútleggjandi steinsteypa.

Sjálfútleggjandi steinsteypa er ein tegund af steinsteypu sem flokkast sem sérsteypa. Kostir sjálfútleggjandi steinsteypu eru flæðieiginleikar sem ekki þekkjast í hefðbundinni steypu. Þessu eiginleikum er náð með mjög flæðanlegri efju með lágri flotskersspennu en á sama tíma nógu háum seigjustuðli til þess að styðja við steinefnin í steypunni. Með því móti er hægt að koma í veg fyrir aðskilnað í steypunni. Sökum hættu á aðskilnaði í steypunni má ekki titra sjálfútleggjandi steinsteypu við niðurlögn. Slíkt getur aukið hættu á aðskilnaði í blöndunni, sem lýsir sér í því að steypan tapar einsleitni sinni og steinefnin í blöndunni sökkva til botns í mótunum en önnur efni svo sem vatn og sement fljóta upp í efri hluta mótanna og í yfirborð steypunnar. Aðskilnaður í sjálfútleggjandi steypu getur verið breytilegur eða allt frá litilli yfirborðsblæðingu sementsefjunnar og yfir í fullkominn aðskilnað sementsefju og steinefna í steypunni. Sé um að ræða mikinn aðskilnað í steinsteypu þá þýðir það að steypan er í raun ónýtt. Mikilvægi samblöndunar efna í sjálfútleggjandi steypu er afar mikil en það er það sem gerir hana að því sem hún er. Sementsefja ein og sér er ekki til margra hluta nytssamleg né heldur steinefnin í þessi samhengi. Það er flókið og erfitt að mæla aðskilnað í steypu og í raun er eina nothæfa aðferin sú að meta aðskilnaðinn sjónrænt og byggja á reynslu og þekkingu þeirra aðila sem sjá um niðurlögn sjálfútleggjandi steinsteypu. Með öðrum orðum, ekki eru til neinar nothæfar vísindalegar aðferðir til þess að meta aðskilnað í ferski sjálfútleggjandi steinsteypu heldur eru þær aðferðir sem notaðar eru í dag byggðar á reynslu. (16)

#### Hástyrkleikasteypa.

Önnur tegund sérsteypu er svokölluð hástyrkleikasteypa en eins og nafnið gefur til kynna þá er þessi steypa með háan þrýstistyrk og mikinn yfirborðstyrk. Þessi tegund steypu hefur, eins og áður segir háan þrýstistyrk og er ekki óalgegnst að sjá tölur um og yfir 90Mpa og jafnvel allt upp í 100Mpa. Hástyrkleikasteypa þykir áhugaverður kostur sem slitlagssteypa á vegamannvirki (brúargólf og enda hafa rannsóknir gefið mjög lofandi niðurstöður hvað varðar endingu (rýrnun), sléttleika, lítillar flögnunar vegna frost/þýðu áhrifa og betra viðnám gegn umhverfisþáttum og tæringu ýmisskonar en hefðbundin steinsteypa. (17)

#### Trefjastyrkt steinsteypa.

Þessi tegund steypu inniheldur trefjar, eins og stál, plast og aðrar gerðir svo sem basalt, sem hjálpa til við að auka togstyrk hennar og koma í veg fyrir sprungur. Ítarlega er fjallað um trefjar í steinsteypu í kafla 2.2.

### Léttsteypa.

Þessi tegund steypu er gerð með léttum fyllingarefnum, svo sem vikri, sem gerir hana tilvalda til notkunar þar sem þyngd er vandamál í hönnun burðarvirkis viðkomandi mannvirkisins. Á Íslandi hefur framleiðsla vikurs til nota sem steinefni til steypugerðar verið við lýði allt frá 1928 þegar framleiðsla víkurhellna hófst í Axarfirði en við þá framleiðslu var notaður vikur úr Öskju, svokallaður Öskjuvikur, sem þar var hægt að nálgast á einfaldan máta. Á Suðurlandi hófst framleiðsla víkurhellna og hleðslusteina úr vikri ári 1937 þegar Vikurfélagið h.f. var sett á laggirnar. Mikið var byggt af vikurhlöðnum húsum um miðja síðustu öld en gæði steinanna og byggingaraðferðirnar reyndust ekki fullnægjandi og stóðust steinarnir ekki íslenska veðurfarið. Þessi byggingaraðferð lagðist af á sjötta áratug síðustu aldar sökum fábreytni og þekkingarleysis á efnisfræði vikursteypunnar. Staða léttsteypunnar í dag er önnur, þekking hefur aukist á efninu og hægt er að kaupa léttsteypu til sértækra nota.

(18) (1)

### Gegndræp steypa.

Þessi tegund steypu er hönnuð til að leyfa vatni að flæða í gegnum sig, sem gerir hana tilvalin til notkunar á bílastæðum, gangstéttum og öðrum svæðum þar sem lektar er krafist vegna yfirborðsvatns eða bakþrýstings jarðvatns.

### Hnoðsteypa.

Hnoðsteypa er afar þurr og sementsrýr steypa, gerð með því að blanda þurrefni steypunnar við minna vatn en notað er í hefðbundinni steypu og síðan er steypan lögð út með vélum og þjöppuð með völturum. Hægt er að nýta steinefni með lágum gæðum við gerð hnoðsteypu með þeim hætti að kröfum er fullnægt á hagkvæman hátt. Sem dæmi um hvar slíkar sérsteypur eru notaðar þá má nefna að við gerð Kárahnjúkastíflu var táveggur stíflunnar steypdur úr hnoðsteypu, þar sem steinefnin voru fengin úr lónstæðinu. Þrátt fyrir að langoftast sé notkun hnoðsteypu bundin við

stórar framkvæmdir eins og stíflumannvirki og vegagerð þá þekkist það einnig að slík steypa sé notuð í gólfleti vörúsa, flughlöð/flugvelli og annarra stórra bygginga. (19)

### Sprautusteypa.

Sprautusteypa er hönnuð til bergstyrkingar í göngum og skurðum í bergi þar sem hætta er á hruni eða loka þarf sprungum í bergi. Notkun sprautusteypu er afar flókin vinna þar sem mikillar samþættingar er krafist á milli þeirra sem að gerð og útlögn steypunnar koma. Oft er vinna við sprautusteypu einnig unnin við afar erfiðar aðstæður og því mikilvægt að hönnun blöndunar sé rétt og tæki og tól rétt stillt og henti vinnunni sem fyrir þau eru lögð. Nokkrar lykilforsendur þurfa að liggja fyrir svo að ásættanlegum árangri sé náð við notkun sprautusteypu. Í samsetning blöndunnar þurfa eftirfarandi eiginleikar steypunnar að nást fersku, harðnandi og hörðnuðu ástandi:

- Næg viðloðun við undirlagið
- Eins lítið frákast og unnt er
- Fullnægjandi vatnspéttleika
- Lágmarks rýrnun
- Nægur þrýstistyrk
- Næg seigla.

Til er tvennskona aðferð við útlögn sprautusteypu. Annarsvegar er það svokölluð þurraaðferð, sem oftast er einungis notuð í minni verk og í viðgerðarverkefnum. Með þessari aðferð er steypublöndunni þrýst þurri fram í stút sprautunnar þar sem blöndun vatns og íblöndunarefna fer fram. Hin aðferðin er kölluð blautaaðferð en þar er steypan blönduð í steypustöð og flutt á verkstað tilbúin til sprautunar. Steypuhraðara er bætt út í við stút sprautunnar þegar þessi aðferð er notuð. (20)

### Efni til steypugerðar.

#### Steinefni.

Þegar rætt er um steinefni í steypu þá er verið að vísa í sand og mól af mismunandi kornastærðum og gerð. Krafa er á að steinefni sem nota skal í steypuframléiðslu þurfa að vera án lífrænna óhreininda þar sem slíkt gæti hindrað eðlilega hörðnun steypunnar og gert hana

frostnæma. Steinefni skulu vera úr sterku bergi og hafa kornastærðardreifingu sem hentar fyrir steinsteypu. Rétt blöndun steinefna í framleiðslustöð getur haft mikil áhrif á styrk og vinnanleika steypunnar og að sama skapi getur röng blanda haft afdrifarík áhrif til hins verra á viðkomandi mannvirki. Í flestum tilfellum þarf að blanda saman ólíkum steinefnastærðum til að ná fram rétttri kornastærð í viðkomandi steypuframleiðslu. (21) Berggerð steinefnis er greind og tengdir eiginleikar metnir, s.s. hversu þétt eða blöðrótt bergið er og hvort efnið er ferskt eða hefur ummyndast að einhverju leyti. Þétt, ferskt eða lítt ummyndað basalt er almennt talin æskileg samsetning. Þeir eiginleikar sem steinefni þurfa að uppfylla til þess að hægt sé að nota það í steinsteypu fara eftir fyrirhugaðri notkun hverju sinni, en þeir eiginleikar sem um ræðir eru helstir, sbr. ÍST EN 12620:

- Kornadreifing/stærðarflokkur
- Húmus (magn lífrænna óhreininda)
- Þjálmi
- Kornalögun (FI próf)
- Styrkur (LA próf)
- Frostþol (1% saltlausn)
- Alkalívirgni
- Klórinnihald

Undanfarin ár hafa verið gerðar áhugaverðar rannsóknir víða um heim á notkun endurunninnar steinsteypu sem steinefni í ferska steypu. Flestar rannsóknarniðurstöður benda til þess að ýmsir vankantar séu á notkun slíkra steinefna, svo sem minni þrýstistyrkur og einnig er viðlöðunarstyrkur endurunninna steinefna ekki fullnægjandi. Sömuleiðs hefur verið sýnt fram á að vinnanleiki steypunnar minnkar og vatnsþörf eykst eftir því sem innihald endurunninnar steinsteypu sem steinefni eykst. Þrátt fyrir þessar niðurstöður er unnið stöðugt að þróun slíkrar steypu þar sem krafan um endurvinnslu og lægra kolefnisspor steypu er vaxandi. Nánar er fjallað um steinefni í kafla 2.4. (22) (23)

#### **Vatn.**

Íblöndun vatns við sement og steinefni er trúlega sá hluti steypuframleiðslunnar sem er mikilvægastur þegar kemur að því að samtvinnna vinnanleika steypunnar, styrk og endingu. Íslenskt vatn er talið heppilegt til íblöndunar þar sem hreinleiki þess hefur verið talinn góður. Vatn í samræmi við ÍST EN 1008 er talið hæft til notkunar í steypugerð. Óheppilegt þykir að nota sjó sem blöndunarvatn þar sem salt hraðar efnahvarfinu í steypunni, og minnkar langtímastyrk hennar ásamt því að auka tæringarhættu bendistáls. Í sumum tilfellum er vatn notað til að hlúa að steypu plötum fyrstu dagana eftir að hún hefur verið lögð niður til að viðhalda raka steypunnar á meðan hörðunarferlið er í gangi. Mikilvægt er að viðhalda raka í steypu á hörðunarferlinu til að hindra m.a. útpornun en verði útpornun steypunnar of hröð má gera ráð fyrir sprungumyndun út frá plastískri rýrnun.

### **Mettivatn.**

Mettivatn mælir hversu mikið vatn efnið sagnar í sig og er m.a. notað til að meta hversu mikið vatn þarf í steypublöndur.

### **Sement.**

Algengasta tegund sements í heiminum er kallað Portlandssement, sjá einnig kafla 2.1.1. Efninu er lýst þannig að það er fín malað bindiefni sem hvarfast þegar það blandast vatni og harðnar í kjölfarið. Hjá Sementsverksmiðjunni á Akranesi, sem framleiddi sement á árabílinu 1958-2012, var skeljasandur af botni Faxaflóa notaður sem kalkgjafinn í framleiðsluferlinu. Líparít, sem er kísílrík bergtegund og myndar annan aðalefnispátt sements, var unnið úr námu í Hvalfjarðarbotni. Íslenska sementið innihélt hátt magn af alkali (NaO<sub>2</sub>-jafngildi um 1,5%) og steinefni úr Hvalfirði var alkalívirkt þ.e.a.s. myndast gat hlaup við efnahvörf með háu alkalímagni og því gat fylgt mikil spenna í steypunni sem leitt gat til sprungumyndunar. Segja má að hinar svonefndu alkalískemmdir hafi hafist með þessari blöndu efna. Talsvert sjávarsalt (NaCl) fylgdi jafnframt Hvalfjarðarefninu en það jók bæði hættu á alkálí- og frostskekkjum (24) (6). Sement sem notað er til mannvirkjagerðar á Íslandi fellur undir ÍST EN 197-1. Sement sem samræmist ÍST EN 197-1 (Sement - Hluti 1: Samsetning, eiginleikar og samræmiskröfur fyrir venjulegt sement) telst almennt nothæft í steinsteypu. Þessi staðall, ásamt ÍST EN 12620:2002+A1:2008 eru samhæfðir staðlar og skal því bæði sement og steinefni samkvæmt stöðlunum vera CE merkt. Sama má segja um önnur hlutefni steypunnar, þ.e. íauka og íblend. Staðallinn ÍST EN 13670 "Framkvæmdir við steipt mannvirki" fjallar um steypuframkvæmdir. ÍST EN 206 "Steinsteypa – Tæknilýsing, eiginleikar, framleiðsla og samræmi" fjallar um framleiðslu steinsteypu. Framangreindir staðlar og verklýsingar eru þeir sem



gilda um steinsteypu en þó eru ótaldir meðal annarra ýmsir staðlar, m.a. prófunarstaðlar og staðlar sem fjalla um sprautusteypu. Algengt er að notaðir séu íaukar til að hafa áhrif á eiginleika sements, svo sem kísilryk og svifaska.

### Íblendiefni.

Íblendi er hugtak notað um fljótandi efni sem blandað er í steypu. Íblendi samlagast eða leysist upp í efninu sem því er blandað saman við. Íblendiefnum er yfirleitt blandað í steinsteypu til að hafa áhrif á hegðun hennar og eiginleika hvort sem er í fersku eða hörðnuðu ástandi. Má þar nefna vatnsspara, flotefni, ofurflotefni (e. superplasticisers), loftblendi, rýrnunarvara og þykkingarefni svo eitthvað sé nefnt. Ef fleiri en eitt íblendiefni eru notuð saman í steypublöndu þarf að rannsaka sérstaklega áhrif þeirra hvort á annað.

### Flotefni (vatnssparar).

Sérvirk efni til að auka þjálni og vinnanleika steinsteypu tímabundið án þess að hækka vatnssementstöluna að neinu ráði.

### Loftblendi.

Sérvirk efni sem mynda örsmáar loftbólur í steypunni meðan hún er hrærð. Við það eykst loft í steypunni og loftkerfi myndast. Tilgangurinn með notkun loftblendis er fyrst og fremst að hafa áhrif á loftdreifingu í steypu og auka þar með frostþol hennar. Hæfilegt loftmagn og loftdreifing í steinsteypu getur skipt sköpum til að taka við þenslu þegar vatn frýs í steypu. Fjarlægðarstuðull, þ.e.a.s. meðalfjarlægð á milli loftbóla er mældur í slípuðum borkjörnum í smásjá. Ef þessum þætti er ábótavant er hætt við að steypan springi og molni niður við endurteknar frost/þíðu sveiflur. (21)  
(6)

### Íaukar.

Til viðbótar við fyrrnefnd efni til steypugerðar, sement, vatn og steinefni, eru oft svokölluðum íaukum bætt í steinsteypuna. Tilgangur íauka er tvíþættur; til að bæta efniseiginleika

og endingu steypunnar og til að minnka kolefnisspor hennar. Íaukarnir eru þá yfirleitt notaðir til að minnka megi magn sements í steypublöndunni. Íaukar eru yfirleitt úrgangsafurðir sem falla til við framleiðslu annarra efna. Helstu íaukar eru til dæmis kísilryk sem fellur til við framleiðslu á kísilmálm, svifaska (e. fly ash) sem verður til við brennslu kola og stálslegg (e. steel slag), úrgangur við framleiðslu á stáli. Aðrir íaukar eru möluð, fíngerð steinefni, oft nefnt méla og eru t.d. úr basalti, kalksteini og kvasi. Allir áður nefndir íaukar hvarfast við kalsíumhydroxíð sem verður til við hvörfun vatns og sements. (1) (21)

### Eiginleikar og orðskýringar.

#### Prófanir.

Að þekkja efniseiginleika steinefnis er eitt af lykilatriðum þess að vel takist til við mannvirkjagerð og eru prófanir gerðar með reglubundnum hætti til að fylgjast með þeim og breytingum sem kunna að verða. Allar efnisprófanir eru gerðar samkvæmt alþjóðlega stöðluðum aðferðum með til þess gerðum rannsóknartækjum.

#### Sigmál.

Sigmál er niðurstaða úr sigmálsprófi sem er prófunaraðferð til að mæla þjálni og vinnanleika steypu. Sigmálskeila sem er 30 cm há er fyllt af steinsteypu í þremur lögum og stálteini stungið 25 sinnum í hvert lag, keilan er því næst dregin upp og sig steinsteypukeilunnar mælt, með því fæst mælt sigmál steypunnar.

#### Seigla.

Sveigjanleiki byggingar, sem geta átt von á að fá á sig jarðskjálftaálag, er ein af grundvallarforsendum hönnunar. Slíkur eiginleiki bygginga að taka upp orku sem í daglegu tali er nefnt seigla (e. ductility) er dýrmætur og hefur jákvæð áhrif á öryggi bygginga.. Seigla er skilgreind sem hlutfall milli heildarformbreytingar á ákveðnum tíma og formbreytingar við brotmörk.



**Mynd 3. Sigmálsmæling á trefjasteypu.**



**Mynd 4. Sigmálsflæði mælt.**

#### **Sigmálsflæði.**

Sjálfútleggjandi steinsteypa flæðir mun meira en hefðbundin steypa og er þjálni hennar annaðhvort mæld með sigmáli eða seigjumæli. Með sigmálsmælingu á sjálfútleggjandi steinsteypu er þvermál sigmálskeilunnar mælt eftir að keilunni er lyft upp og þegar steypan er hætt að flæða.

#### **Steypustyrkur.**

Styrkur harðnaðrar steypu. Steypustyrkur miðast í langflestum tilfellum við 28 daga aldur steypunnar og er gefinn upp í mælieiningunni MPa. Steypa sem á að hafa 30 MPa styrk flokkast í styrkleikaflokkinn C30/37 þar sem talan 30 stendur fyrir styrkleika mældum á sívalningslaga steypusýnum í MPa en sú mæliaðferð hefur einkum tíðkast héraendis undanfarna áratugi. Talan 37 stendur fyrir styrkartölu ef styrkleikinn er mældur á teningslaga steypusýnum (kubbum) eins og víða er gert erlendis.

#### **Loft í steypu.**

Loftmagn í steypu samanstendur af loftbólum sem verða að vera af hæfilegri stærð og jafndreifðar í steypunni. Loftkerfi er metið út frá loftmagni steypunnar sem mælt er með loftmæli, fjarlægðarstuðli loftbóla sem segir til um meðalfjarlægð milli loftbóla og yfirborð loftbóla sem segir til um stærð þeirra. Loftkerfi er rannsakað með því að skoða slípað steypusýni í smásjá. Loft í steypu gerir hana frostþolna sem skýrist af því að þegar vatn frýs eykst rúmmál þess um 9%. Ef vatnsmettuð steypa frýs hefur ekkert rými fyrir vatnið til að þenjast út verður steypan fyrir miklum innri þrýstingi. Við síendurtekin frostþíðuskripti byrjar steypan að springa og eyðileggst að lokum.

Þegar vatn frýs í loftblendinni steypu með góðu loftkerfi hefur vatnið tækifæri til að þenjast út í loftrýmið í steypunni án þess að steypan verði fyrir innri þrýstingi af þessum sökum. Hafa þarf í huga að með auknu loftmagni í steypu lækkar styrkur steypunnar á móti. Loft í steypu hefur yfirleitt jákvæð áhrif á þjálni hennar sökum aukins rúmmáls efju. (25)

#### Fasaskilasvæði.

Fasaskilasvæði í steinsteypu vísar til þunnis lags á milli sementsefju og steinefnanna í fullharðnaðri steypu. Þættir eins og vatns/sement hlutfallið, þurrkunaraðstæður og fleira getur allt haft áhrif á fasaskiptasvæðin í steypunni. Skilningur á fasaskilunum er mjög mikilvægur þáttur í hönnun steinsteypu þar sem þau eru álitin veikasti hluti steypunnar.

#### Rýrnun.

Rúmmálsminnkun steinsteypu eftir niðurlögn sem á sér stað ef vatn gufar upp úr steypunni fljótlega eftir niðurlögn. Við það myndast sprungur í steypunni. Rýrnun er skipt í fimm aðalflokka:

1. Plastíska rýrnun (e. plastic shrinkage): Sú rýrnun sem á sér stað í steypunni strax að niðurlögn lokinni, áður en hörðnun hefst.
2. Þurrkrýrnun (e. drying shrinkage): Sú rýrnun sem á sér stað í steypunni vegna uppgufunar vatns á hörðunarskeiði hennar.
3. Hvörfunarrýrnun (chemical shrinkage): Sú rýrnun sem á sér stað í steypunni vegna hvörfunar vatns og sements.
4. Útþornunarrýrnun (e. autogenous shrinkage): Sú rýrnun sem á sér stað þegar vatn minnkar í þórum steypunnar við hvörfun vatns og sements.
5. Koltvísýringsrýrnun (e. carbonation shrinkage): Sú rýrnun sem verður í steypunni þegar koltvísýringur úr andrúmsloftinu hvarfast við steypuna.

#### Skrið.

Mælikvarði á varanlega formbreytingu harðnaðrar steinsteypu undir álagi yfir ákveðinn tíma.

#### Fjaðurstuðull.

Mælikvarði á hversu mikið steypa svignar undir álagi. Fjaðurstuðull íslenskrar steinsteypu er talin liggja á bilin 60-115% af gildum sem miðað er við í ÍST EN 1992-1-1:2004.

#### **Styrkleif.**

Er þýðing á Residual strength og er sá styrkur í bitanum eftir að brot hefur farið fram en aflögun bitans er ekki mikil og hann heldur formi sínu.

#### **Sáldurferill.**

Sáldurferill, líka kallað kornakúrfa, er samsett úr tveimur eða fleiri stærðarflokkum steinefna, en algengt er að um sé að ræða tvo eða þrjú flokka, fínt, gróft og gróft, flokkað efni. Allmargir stærðarflokkar steinefna til framleiðslu steinsteypu eru framleiddir hjá steypustöðvum í dag. Kornakúrfan sem nota á er fengin með skömmtun á steinefnum úr þeim stærðarflokkum sem óskað er eftir, í réttum hlutföllum. Sandgerð og hlutfall sands eru mikilvægur hluti steypunnar og hafa mikið að segja um þjálni steypunnar og þar með hversu dælanleg steypublandan er.

#### **Kornarúþyngd.**

Mælir þyngd efnis án holrýmis. Hún getur haft áhrif þegar burðarþol steypu er reiknað.

#### **Kornalögun.**

Almennt er æskilegt að hafa korn sem eru því sem næst teningslaga en það fer þó eftir notkun. Kornalögun hefur t.d. áhrif á flæðieiginleika ferskrar steypu og hvernig efnið þakast í vegagerð.

#### **Frostþol.**

Mælt er hversu vel viðkomandi efni þolir endurteknar frostþíðusveiflur. Það er notað fyrir bæði steypu og vegagerð. Lítið niðurbrot þýðir endingarbetra efni.

### **Alkalívirgni.**

Ákveðin steinefni geta leyst upp og þanist í steypu. Rannsóknir hafa sýnt að það er hægt að vega upp á móti þessari þenslu með réttri sementstegund. Prófanir á rannsóknarstofu meta bæði þenslu steinefnis og sjálfrar steypublöndunnar (hæfnispróf).

### **Los Angeles próf.**

LA er styrkleikapróf sem mælir niðurbrot við endurtekið álag. Það er einkum notað vegna vegagerðar. Í stuttu mál þá fer prófunin þannig fram að þurru sýninu er velt í tromlu ásamt stálkúlum. Lág tala þýðir sterkara efni.

## 2 Fræðilegur bakgrunnur.

### 2.1 Saga steinsteypunnar.

#### 2.1.1 Söguleg þróun sements og steinsteypu.

Almennt er álitnið að skilgreining hugtaksins sements sé afar forn. Vitað er að notkun á sementslíku efni hófst mörg þúsund árum fyrir Krists burð. Forn efni sem líktust sementi, var búið til með því að mylja og brenna gifs eða kalkstein. Þegar sandi og vatni var bætt í þetta sement varð það að steypuhræru, sem var gifslíkt efni sem notað var til að festa steina hvorn við annan. Í þúsundir ára voru þessi efni endurbætt og sameinuð öðrum efnum og að lokum þróaðist blandan í það sem við þekkjum í dag sem steinsteypa. Allt frá pýramíðunum miklu í Giza til snjallskynjara í steypu til að nema steypuhitastig og þroskaferli steypunnar, sjálfviðgerandi steypu (self healing concrete), umhverfisvæna steinsteypun, endurunna steinsteypu og fleir í þeim dúr, þá má fullyrða að þróun steinsteypunnar sé langt í frá lokið.

Heimildir um tímalínu þróunnar sements og steinsteypu ber að miklu leyti saman og hefur verið stillt svona upp:

##### 2.1.1.1 6500 f.Kr. – Sýrland og Jordanía.

Elstu heimildir af steypum mannvirkjum eru frá 6500 fyrir Krist af Nabataea kaupmönnum í héruðum Sýrlands og Jórdaníu. Þeir bjuggu til eldstæði úr sementi og sú tækni þeirra leiddi til þess að farið var að nota efnið í gólf mannvirkja og vatnsbrunnna svo eitthvað sé nefnt.

##### 2.1.1.2 3000 f.Kr. - Egyptaland og Kína.

Egyptar notuðu leðjublandaðan hálm til að binda þurrkaða múrsteina. Þeir notuðu einnig gifsmúr og kalkmúr í pýramíðana. Í Pýramíðunum miklu í Giza er talið hafa verið notuð um 500.000 tonn af steinsteypu. Að sama skapi er talið að samskonar sement hafi einnig verið notað til að byggja Kínamúrinn um svipað leyti með sambærilegum aðferðum.

##### 2.1.1.3 600 f.Kr. – Róm.

Þótt Rómverjar til forna hafi ekki verið þeir fyrstu til að búa til steinsteypu er oft vísað til þess að Rómverjar hafi verið fyrstu steypuverkfræðingarnir þar sem á tímum Rómaveldis varð mjög mikil þróun í framleiðslu sements og steinsteypu. Um 200 f.Kr., tókst Rómverjum að innleiða notkun



steinsteypu í flestar þær byggingar sem byggðar voru á þeirra vegum. Þeir notuðu blöndu af eldfjallaösku, kalki og sjó til að mynda blönduna. Þeir pökkuðu síðan blöndunni í tréform og eftir hörðnun, stöfluðu þeir kubbunum eins og múrsteini í vegg. Til marks um hversu góðir Rómverjar voru í að hanna og þróa steinsteypu þá standa enn, yfir tvö þúsund ára gömul rómversk steinsteypumannvirki.

#### **2.1.1.4 476 e.Kr. - Fall Rómaveldis.**

Við fall Rómaveldis urðu tímamót í þróun steinsteyputækni. Ýmis vitneskja tapaðist og þróun steypunnar varð lítil sem engin. Eftir fallið glataðist til dæmis tæknin til að búa til pozzolan sement og það var ekki fyrr en árið 1414 að handrit fundust sem lýsa framleiðslunni. Sá fundur vakti aftur áhuga á að þróa og vinna steinsteypu til húsagerðar.

#### **2.1.1.5 1793 John Smeaton.**

Þrátt fyrir að hafa ekki verið þekktastur fyrir að þróa og hanna sement, heldur fyrir að vera brautryðjandi í notkun steypujárns í vatns- og vindmyllubúnaði, þá var það John Smeaton sem fann upp nýja aðferð við framleiðslu sements. Það var um 1793 sem tæknin tók stórt stökk fram á við þegar John Smeaton uppgötvaði aðferð til að nota kalk fyrir sement. Hann notaði kalkstein sem innihélt leir sem var brenndur þar til hann breyttist í klinker sem síðan var malaður í duft. Hann notaði þetta efni við sögulega endurbyggingu Eddystone-vitans í Cornwall á Englandi.

#### **2.1.1.6 1824 Joseph Aspdin.**

Árið 1824 er talið að Joseph Aspdin hafi fundið upp Portlandsement með því að brenna fín malaða krít og leir þar til koltvísýringurinn var fjarlægður úr efninu. Aspdin nefndi sementið eftir efniúr námu á eyjunni Portland á Englandi. Þegar það var fyrst framleitt og notað var það kallað Portlandsement vegna þess að litur sementsins þótti minna á lit byggingarsteins frá eyjunni. John Aspdin fékk fyrsta einkaleyfið fyrir Portlandsement það sama ár.

#### **2.1.1.7 1800-1900.**

Á 19.öld var steinsteypa aðallega notuð í iðnaðarbyggingar. Fyrsta útbreidda notkun Portlandsementi í húsbyggingum var á Englandi og í Frakklandi á árunum 1850 til 1880. Stór hluti aukinnar útbreiðslu á notkun steinsteypu á þessum tíma var Francois Coignet. Coignet þessi þróaði leið til að koma í veg fyrir að veggir húsa spryngju og brotnuðu niður undan álagi með því að bæta stálstöngum í steypuna og auka þannig þrýstistyrk steypunnar. (26) (27) (28) (29)

### 2.1.2 Steinsteypa á Íslandi.

Á árunum 1847-48 var sement notað í múrhúðun dómkirkjunnar í Reykjavík við stækkun hennar. Er það talið í fyrsta sinn sem sement er notað hér á landi. Ekki er vitað til að sement hafi verið notað aftur fyrr árið 1871 eða þegar Hegningarhúsið Skólavörðustíg 9 var hlaðið og múrað.



**Mynd 5. Dómkirkjan í Reykjavík 2023.**

**Ljósm. Kristín Lilja Birgisdóttir.**



**Mynd 6. Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.**

**Ljósm. Kristín Lilja Birgisdóttir.**



**Mynd 7. Garðar á Akranesi (30).**

Húsið Garðar á Akranesi sem byggt var á árunum 1876-82 er álitíð vera fyrsta húsið, sem reist var úr steinsteiptum steinum á Íslandi en gaflar þess eru steiptir í mót úr borðum.




**Mynd 8. Sveinatunga í Borgarfirði (31).**

Árið 1895 er á Íslandi byggt fyrsta húsið þar sem eingöngu voru notuð steypumót, en það var í Sveinatungu í Borgarfirði. Bæði þessi hús standa á hlöðnum kjöllum. Byggingarmeistari beggja húsanna var Sigurður Hansson steinsmiður.

Eftir að byrjað var að nota sement hér á landi fóru að birtast greinar í tímaritum um möguleika steinsteypu til húsagerðar bæði með því að hlaða þau úr steinsteiptum steinum og steypa vegg í mót.

Undir lok nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu voru því bæði byggð hús úr steinsteypusteinum og hús þar sem veggir voru steptir í mót. Í byggingarreglugerð frá 1903 eru steinsteypuhús sögð jafngóð steinhúsum og eftir Miðbæjarbrunann í Reykjavík árið 1915, var byggingu timburhúsa settar svo miklar skorður í viðauka við byggingarsamþykkt að illfært var að byggja úr öðru byggingarefni en steinsteypu. Með því má segja að þar með hafi öld steinsteypunnar hafi runnið upp hér á Íslandi.



**Mynd 9. Nýmæli í Dagblaðinu á Akureyri 30.jan. 1915.**

### 2.1.3 Steinsteypurannsóknir á Íslandi.

Nútímatækni hefur gert okkur kleyft að rannsaka betur hegðun og viðbrögð steinsteypu við ýmiskonar álagi og/eða áreiti og hafa þær rannsóknir leitt okkur fram veginn í þróun á steinsteypu í þá átt að hún fái staðist íslenskar veðurfarsaðstæður. Árdagar steinsteypurannsókna á Íslandi má segja að hafi verið um eða uppúr seinni heimstyrjöldinni. Ungur verkfræðingur að nafni Haraldur Ásgeirsson, þá nýkominn frá námi í University of Illinois í Bandaríkjunum vakti athygli ráðamanna hér á landi á að bæta þyrfti úr rannsóknum á íslensku steinefnum til steypugerðar. Einnig hafði Haraldur mikinn áhuga á framleiðslu á íslensku sementi. Við heimkomu seint á árinu 1945, leitaði Haraldur með hugmyndir sínar til Nýbyggingarráðs, sem þá var nokkurs konar nefnd ákvarðana og eftirfylgni sem síðan leiddi málið áfram til atvinnumálaráðherra þess tíma Áka Jakobssonar. Í framhaldi var tillaga Haraldar um áframhaldandi rannsóknir á framleiðslu á íslensku sementi, en Haraldur hafði lagt stund á slíkar rannsóknir með námi í Bandaríkjunum, samþykkt. Á þessum tíma var starfandi deild atvinnumála við Háskóla Íslands sem hét Atvinnudeild Háskólans og var Haraldur ráðinn til starfa þangað. Í upphafi voru tæki og aðstæður til rannsókna af skornum skammti en Haraldur tókst engu að síður að gera fullnægjandi rannsóknir á steinsteypu, sem enn í dag, eru í fullu gildi. Með tilkomu Marshall-aðstoðarinnar árið 1952 varð stórt stökk í rannsóknarsögu Íslendinga, Haraldur sótti um stuðning til kaupa á fullkomnari rannsóknartækjum en áður höfðu þekkt hér á landi. Haraldur var ætíð ötull talsmaður aukinna rannsókna hér á landi og því sannarlega frumkvöðull á þessu sviði. Hann, til að mynda, vakti athygli á alkalívánni sem framleiðsla og notkun á íslensku sements gæti valdið. Í framhaldi af ábendingu Haraldar skipaði lðnaðarráðuneytið nefnd sem skildi fjalla um alkalívirkni í íslensku sementi. Nefndin hlaut nafnið *“Nefnd til að varast þenslu og þar af leiðandi grotnu steinsteypu”*. Árið 1967 varð þessi nefnd að *“Steinsteypunefnd”* sem hefur í gegnum tíðina verið öflug í störfum sínum á sviði steypurannsókna." Rannsóknastofnun

byggingariðnaðins (Rb) var stofnuð árið 1965. Rb byggði á starfi Atvinnudeildar Háskólans með Harald þar í farabroddi. Tilgangur með stofnun Rb var að stuðla að auknum rannsóknum í byggingariðnaði. Í upphafi beindust steypurannsóknir mest að alkalivirkni steinefna á Íslandi og nýtingu kísilryks og annarra possolana (ffinefna unnin úr íslensku bergi) í steinsteypu. Umtalsverðar breytingar áttu sér stað í steypuiðnaði á Íslandi á þessum árum. Annars vegar hóf Sementsverksmiðja Ríkisins (SR) starfsemi árið 1958 á Akranesi og íslenskt sement kom á markað og hins vegar var farið að nýta sjávarefni úr Hvalfirði sem steinefni í steinsteypu. Eins og áður segir stóð Rb fyrir rannsóknum á áhrifum kísilryks og annarra possolana sem sýndu fram á að kísilryk jók styrk sements og dró úr alkálíáhrifum í íslenskri steinsteypu. Árið 1979, að undangengnum rannsóknum Rb, var farið að blanda 5 % kísilryki frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í íslenskt sement. Sú ákvörðun olli staumhvörfum í íslenskri sementsframleiðslu þar sem við þá blöndun jókst styrkur sementsins og alkálískemmdir, sem áður höfðu verið alvarlegt vandamál, voru úr sögunni í íslenskri steinsteypu. Af öðrum rannsóknum við Rb sem leiddu til mikilla endurbóta má nefna rannsóknir á áhrifum íblandaðs lofts á veðrunarþol steypu. Þar hefur verið sýnt fram á að heildarmagn lofts í steypunni er ekki það sem eykur veðrunarþol steypunnar heldur er loftkerfið og dreifing loftbóla þar mikilvægasti þátturinn.

Rb stóð einnig fyrir rannsóknum á áhrifum vatnsfæla (monosilan og siloxan) á rakadrægni steinsteypu og leka í fíngerðum sprungum. (1) (32) (24)

Helstu rannsóknir á steinsteypu sem stundaðar hafa verið á Íslandi eru þessar

- Loftinnihald
- Sigmál
- Varmamyndun
- Þrýstistyrkur
- Kleyfnitogstyrkur
- Beygjutogstyrkur
- Fjaðurstuðull
- Frostþol, loftinnihald og dreifing lofts
- Þurrkrýrnun
- Vatnsdrægni, rúmpýngd og vatnspéttleiki
- Klóríðinnihald steypu og klórleiðni
- Brotorka og trefjainnihald sprautusteypu

## 2.2 Basalt.

### 2.2.1 Sögulegt ágríp.

Hvaðan orðið basalt er upprunnið er vísindafólk ekki sammála um. Kenningin sem flestir samþykkja er sú að orðið "basalt" sé dregið úr síðlatneska orðinu basaltes, sem var álitin röng stafsetning á latneska orðinu basanítum "mjög harður steinn" sem var fluttur inn úr forngrísku βασανίτης (basanítar), og úr βάσανος (basanos, "snertisteinn"). Aðrar kenningar eru líka uppi um að nútíma heitið basalt sem lýsir tiltekinni samsetningu bergs úr hrauni, sé upprunnið frá notkun þess af Georgius Agricola árið 1546 í verki sínu De Natura Fossilium. Agricola beitti „basalti“ á svarta eldfjallabergið undir Stolpen-kastala biskupsins af Meissen og taldi að það væri það sama og „basaniten“ sem Plinius eldri lýsti árið 77 í Naturalis Historiae. (33)

### 2.2.2 Jarðfræðileg ágríp.

Basalt er langalgengasta bergtegund á yfirborði jarðar en basalt er talið nema um 90 af hundraði alls bergs á jörðinni. Bæði á tunglinu og Mars er basalt að finna í miklu mæli. Ísland er ekki undanskilið í því tilliti að vera basaltríkt enda er Ísland þekkt fyrir víðfeðm hraunsvæði sem þekkja stóran hluta landsins. Bráðið basalhraun hefur lága seigju vegna tiltölulega lágs kísilinnihalds (á milli 45% og 52%), sem leiðir til hraunflæðis sem getur dreift sér yfir stór svæði áður en það kólnar og storknar. Rennandi hraun eru í þykkum lögum sem geta þakið hundruð þúsunda ferkílómetra og eru umfangsmest allra eldfjallamyndana. Sjá mynd 10.



Tafla 1. Efnasamsetning basalts.

Efnasamsetning basalts	%
SiO <sub>2</sub>	~45-52
Na <sub>2</sub> O	~3
MgO	~4
Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	~18-20
SO <sub>3</sub>	~0.1
K <sub>2</sub> O	~0.6
CaO	~12-13
TiO <sub>2</sub>	~1-2
MnO	~0.25-0.5
Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	~12-14



Mynd 10. Rauðleita kvikan byrjuð að storkna og myndar þá basalt.

### Íslenskt basalhraun.

#### Ljómynd Ragnar Axelsson.

Við bráðnun möttulefnanna myndast kvika, sjá mynd 10. Við storknun kvikunnar myndast svo basalt. Hægt er að skilgreina efnasamsetningu efnisins með (kísill (kísiloxíð SiO<sub>2</sub>) = 45-52%), og sömuleiðis með samsetningu steinda sinna, plagíóklas (labrador) og pýroxen (ágít). Þar fyrir utan eru í basalti aðrar steindir í minna mæli og fer eftir efnasamsetningu bergsins hverjar og í hve miklum mæli, til dæmis ólívín (hátt MgO), magnetít (hátt FeO), ilmenít (hátt TiO<sub>2</sub>) og svo framvegis.

Þegar basaltísk bráð storknar fer það eftir aðstæðum hvaða bergtegund myndast; grófkristallað gabbró myndast við hæga kristöllum djúpt í jörðu, fínkornótt grágrýti (dólerít) í grunnstæðum innkotum eða þykkum hraunum, dulkornótt basalt í hraunum á yfirborði og basaltgler (túff) við hraðkólnun í vatni.

Íslenska orðið á basalti er blágrýti. (34) (35)

## 2.3 Trefjar í steypu.

### 2.3.1 Sögulegt ágríp.

Að nota trefjar til að auka styrk í steypugerðum efnum er hugmynd sem er talin er meira en 4500 ára gömul. Sýnt hefur verið fram á að fornar siðmenningar til dæmis í Egyptalandi, Mesópótamíu og trúlega víðar notuðu strátrefjar í sólþurrkaða leirsteina til að búa til efni með aukinni beygjupoli og styrk. Strátrefjar hafa verið notaðar í byggingum á margvíslegan hátt í gegnum söguna en notkun þeirra er trúlega að mestu úr sögunni. Eftir að Joseph Aspdin kom fram með Portland sementið árið 1824 og steinsteypuframleiðsla jókst var reynt að nota trefjar til að hindra sprungumyndanir í steypu. Þess tíma verkfræðingar þurftu, eins og enn í dag, að sigrast á helstu annmörkum steypu, sem voru lágur styrkur í togátt og stökkleiki. Franskur verkfræðingur, Joseph Lambot (36) að nafni, kom fram árið 1847 með þá hugmynd að bæta samfelldum trefjum í steypuna í formi víra eða vírneta. Þetta leiddi til þróunar á bendijárni og járnbenntri steinsteypu eins og við þekkjum hana í dag. Notkun stálsstanga í togálagssvæði steypunnar hjálpuðu mikið við að sigrast á vandamálinu varðandi lágan togstyrk steypu. Þróun trefjastyrktar steinsteypu var mjög hæð fram eftir tuttugustu öldinni. Fram að því voru nokkrar hugmyndir sem lýstu grunnhugmyndinni um að nota trefjar til styrkingar í steypublöndur en enginn áhugi á að nota hugmyndirnar þar sem aðra og meira rannsaðar lausnir voru til og þóttu hagkvæmari. Raunverulegur tilgangur þess að blanda trefjum í steypuna var sá að þróa samvirkt efni með auknum styrkleika, bæði þrýsti- og togþoli. Með því að greina niðurstöður fyrstu rannsókna á þessu sviði má sjá að hvorki þrýstistyrkur né togstyrkur jókst að neinu ráði. Það reyndist því vísindamönnum erfitt að sýna fram á ávinninginn af því að nota trefjastyrkta steypu. Síðar, við nútímaþróun trefjabundinnar steypu seint á áttunda áratugnum og snemma á níunda áratugnum, þegar prófunarbúnaður og greiningaraðferðir urðu meginlegar en ekki eigindlegar, var hugmyndin um orkuupptöku (eða brotseigju) kynnt. Þessi hugmynd gerði það að verkum að hægt var að mæla hversu seigt efni er. Helsti ávinningurinn af trefjabundinni steypu reyndist vera hæfileikinn þess til að gleypa meiri orku en hefðbundinn steypa. Jafnvel núna, 40 árum síðar eftir að rannsóknir á þessu sviði hófust, er enn litið á mikla brotseigju sem helsta ávinninginn af trefjabundinni steypu. Það er ekki lengur ómögulegt að búa til efni sem byggir á sementi sem hefur mikla

togþolseiginleika, mikla orkuupptöku og er einsleitt og jafntrópskt (næstum eins og steypujárn). Rannsóknir á sviði trefjabundinnar steypu eru í sífellndri þróun sem ýtir okkur áfram til sköpunar hágæða trefjabundinnar steinsteypu, sem hefur marga frábæra eiginleika í samanburði við önnur sementsblönduð efni. (37) (38) (39)

### Trefjar.

Gerðar úr stáli, plasti, gleri eða basalti í þeim tilgangi að auka togstyrk og þar með auka eiginleika steinsteypu til að svigna án þess að um brot verði að ræða. Trefjar eru einnig notaðar í steinsteypu í vissum tilfellum til að stýra sprungumyndun vegna rýrnunar. Trefjarnar valda því að fíngert sprungunet myndast sem hamlar myndun stærri sprungna. Trefjar eru mikið notaðar í sprautusteypu í jarðgangnagerð en hafa verið minna notaðar í hefðbundinni steypu. Trefjar eru einnig meðal annars settar í þunn steypulög ofan á aðra steypu, t.d. slitlag á brúargólf.

Algengustu trefjagerðirnar sem notaðar hafa verið í steinsteypu fram til þessa eru stál og plasttrefjar en sökum umhverfisáhrifa og kostnaðar hafa aðrar gerðir trefja verið að ryðja sér til rúms undanfarna tvo áratugi. Almennt má einkenna trefjar sem notaðar eru til að styrkja steypu sem ósamfelldar, stakar trefjar með lengd minni en 50 mm og þvermál ekki meira en 5mm.

Helstu trefjar aðrar en basalt sem notaðar eru í steinsteypu eru (40):

- Stáldrefjar
- Glertrefjar
- Koltrefjar.
- Pólýprópýlen trefjar.

### Basalldrefjar.

Upphafsmáður og frumkvöðull á framleiðslu er talin hafa verið Paul Dhé. Hann var fæddur árið 1890 eða þar um bil í Frakklandi Hann var verkfræðingur sem dvaldist í Évry-Petit-Bourg á Frakklandi og rannsakaði, þróaði og framleiddi basalldrefjar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hann þróaði vinnsluferli trefjanna þannig að hann gat kynnt hugmyndir um að pressa trefjar úr basalti sem hann svo í framhaldi fékk bandarískt einkaleyfi árið 1923.

Framleiðsluaðferð Dhé var mjög afkastamikil að talið er og leiddi til þess að basalttrefjar urðu, þar sem það var talið tæknilega mögulegt, aðgengilegar fyrir almenna notkun í byggingum þess tíma.

Um 1960 fóru Bandaríkin og Sovétríkin að rannsaka notkun basalttrefja í framleiðslu hernaðargagna. Árið 1970 kynntu glerframleiðendur í Bandaríkjunum áform um að gera glertrefjar vinsælli en basalttrefjar sem hefur þá átt trúlega að vera einhversskonar andsvar Bandaríkjanna við basalttrefjarannsóknunum Sovétmanna í Úkraínu.

Í Austur Evrópu voru allar rannsóknir sem sneru að notkun basalttrefja í steinsteypu þjóðnýttar af sovéska varnarmálaráðuneytinu. Þannig var það allt fram að upplausn Sovétríkjanna árið 1991, þegar rannsóknarniðurstöður Sovétríkjanna voru birtar og þá fyrst var hægt að kynna þær rannsóknir almenningi. Nú á dögum fer framleiðsla basalttrefja að langmestu leyti fram í Úkraínu, Rússlandi og Kína.

### 2.3.2 Framleiðsla basalttrefja.

Basalt einkennist af miklu viðnámi gegn ætandi umhverfi, mikið tæringarþol, og tapar ekki eiginleikum sínum með tímanum. Það hefur verið sýnt fram á að basalttrefjar erfa alla þessa eiginleika. (13) (12) (41)

Eins og fram hefur komið þá fjallar þetta verkefni um basalttrefjar í steinsteypu en slíkar trefjar hafa verið að ryðja sér til rúms undanfarin áratug sem góður valkostur við aðrar trefjagerðir sem þykja óumhverfisvænar og dýrar í framleiðslu. Í samanburði við stáltrefjar þá eru basalttrefjar þrisvar sinnum léttari og rúmlega tvisvar sinnum sterkari gagnvart togáraun. Aðrir helstu kostir umfram aðrar trefjar eru þeir að basalttrefjar tærast ekki og hafa hátt þol gagnvart alkalívirgni. Basalttrefjar eru einnig taldar umhverfisvænni en aðrar trefjar þar sem þær eru unnar úr náttúrulegu efni og efnisvinnslan því einfaldari en á öðrum trefjagerðum. Aðrir umhverfisvænnir eiginleikar basalttrefja eru að við frákast í vinnslu sprautusteypu hafa trefjarnar minni mengandi áhrif á dýralíf, ár og vötn og ekki er álitin vera sjónmengun sökum lítills litamunar við náttúrulegt basalt. Einnig má minnst á endurvinnslu eiginleika basalttrefjabundinnar steinsteypu þar sem slíka steypu er einfalt að endurvinna sem steinefni í ferska steypu án nokkurra vandkvæða eða hreinsunar. (12) (42) (43) (41)

Til að framleiða basalttrefjar eru unnið (brotið í hæfilegar stærðir) basalt hitað upp í 1500 °C eða þar til efnið bráðnar. Síðan er bráðinni pressað í gegnum þrönga ventla eða stúta úr hitaþolnu efni. Við það verður til örþunnur þráður úr basalti. Tæknin er sambærileg þeirri sem notuð er við framleiðslu glertrefja, að því undanskildu að basalt er notað í stað kísils.

**Yfirlit yfir helstu ferla í framleiðslu basalttrefja:**

- Hráefnið unnið í hæfilega kornastærð og efnisgæði rannsökuð.
- Unnið basaltið er síðan brætt með því að setja í ofn og það hitað í um það bil 1.500 gráður á Celsíus.
- Bráðinni er pressað í gegnum þrönga stúta (bushings) meðan á pressunarferlinu stendur. Þegar trefjarnar koma út úr stútunum verða þær fyrir úða af lofti eða vatni í þeim tilgangi að kæla þær niður.
- Þegar trefjarnar hafa verið búnar til eru þær húðaðar með límfefni, oftast epoxy eða pólývínýlaset en það lím er þekktara undir nafninu PVAc og er vatnsuppleysanlegt. Þessi límfefni eru til að bæta samloðun trefjanna fram að notkun. Þetta skref er þekkt sem "sizing" á ensku sem gæti útlagst sem lengdarkvörðun á íslensku.
- Skurður: Eftir mælingar eru trefjarnar skornar í þá lengd sem óskað er eftir og þeim pakkað til afhendingar. (44)

## 2.4 Steinefni í steinsteypu.

### 2.4.1 Ágrip.

Hérlendis er basalt mest notaða berggerðin sem steinefni í steinsteypu. Algeng steinefni í öðrum löndum t.d. í Evrópu og Norður Ameríku eru þétt (lítið holrými) svo sem granít og kalksteinn sem finnast ekki hér á landi nema í mjög litlu magni. Íslenska steinefnið er nokkuð gropið samanborið við önnur steinefni sem notuð eru annarsstaðar í heiminum. Sem dæmi má nefna að vatn er algengt u.þ.b. 0,5% þyngdarhlutfall í algengu steinefni erlendis, en hér á landi er það sé á bilinu 2 til 6% í íslenska steinefninu. Svo mikill raki í steinefninu hefur áhrif á eiginleika steypunnar, svo sem styrk, rýrnun, vatnsþörf, vinnanleika o.fl. Einnig getur mikill raki í steinefnunum haft áhrif á slitþol í t.d. brúargólfum. Erlend steinefni, granít þá helst, hafa verið flutt hingað til lands í sértæka steypu en það er ekki algengt. Í þeim tilfellum er þá um að ræða steinefni til notkunar í slitþolna steypu. Annað algengt gosberg á Íslandi, líparít, hefur verið notað í sérblandað sement hér á landi en árið 1974 samþykkti Landsvirkjun sérsement með íblöndun 25% líparíts til notkunar í Sigölduvirkjun sem þá var í byggingu. Skoðun á þessu mannvirki eftir 30 ára notkun hefur sýnt að steypan þar er í góðu ásigkomulagi. Sigöldusement var svo notað í önnur virkjanamannvirki framan af eða þar til ný sementstegund var þróuð í Blönduvirkjun upp úr 1980. Íslenska sementið var þá blandað með 10% kísilyki og 25% líparíti og var það sement nefnt Blöndusement. Almennt þykir það of mikil áhætta að nota líparít sem steinefni í steypu þar sem líparít er ríkt af kísilsýru og er því mjög alkalívirkt. (45) (5) (32)

Algengast er að sækja steinefni úr setnámum hér á landi, t.d. úr fjöru, árfarvegum, gömlum sjávarbökkum eða efni unnið af sjávarbotni. Þó er hægt að nota steinefni í steypu sem unnið er úr brotnu bergi og það færast í vöxt að nota brotið efni í nágrannalöndunum vegna skorts á náttúrulegu steinefni. Náttúrulegt steinefni er yfirleitt ódýrari kostur og hentar vel til steypugerðar þar sem það hefur yfirleitt núíð og slétt yfirborð og þar með betri vinnanleika (þjált) en sprengt (rippað) og malað steinefni, sem er kantað og hrjúft eftir hefðbundna vinnslu. Með því að bæta efnisvinnslu í námu má bæta kornalögunina, slæva kanta og auka sandhlutfallið. Einnig má bæta náttúrulegum sandi við í steinefnaframleiðslu úr möluðu bergi. Íslensk steinefni falla undir ÍST EN 12620:2002+A1:2008. (21) (46)

### 3 Efni og aðferðir.

#### Rannsóknin.

Tilgangur tilraunarinnar fólst í því að bera saman tvær tegundir af basalttrefjum sem framleiddar voru af tveimur mismunandi framleiðendum í tveimur ólíkum gerðum af steypublöndu.

Skammtagildin fyrir basalttrefjarnar voru þau sömu 12 og 16 kg á hvern rúmmetra af steypu og kornastærð steinefna var 0/8 annarsvegar og 8/16 hinsvegar.

Einnig voru skoðuð áhrif aukins trefjamagns í 8-16mm steypu þar sem bornar voru saman niðurstöður rannsókna miðað við 12 kg/m<sup>3</sup> annarsvegar og 16 kg/m<sup>3</sup> hinsvegar.

Rannsóknaraðferðin var byggð á ÍST EN 14488-3:2006 „*Testing sprayed concrete—Part 3: Flexural strengths (first peak, ultimate and residual) of fiber reinforced beam specimens*”.

Trefjarnar sem notaðar voru í þessari rannsókn voru af tveimur mismunandi gerðum, annars vegar stífar trefjar frá Reforcetech og hinsvegar mýkri trefjar framleiddar af Basalttex. Tafla 3 sýnir einkenni hvorrar tegundar.

Steypublöndurnar í rannsókninni voru framleiddar af BM Vallá og sbr ÍST EN 206:2013, XC1, með hámarkskornastærð 0/8mm og 8/16mm.

Sementið sem notað var uppfyllti forskriftir NS-EN 197-1:2011 fyrir Portlandsement CEM I 52.5 N og steinefni í steypunni uppfylltu kröfur ÍST EN 12620:2002+A1:2008. Sjá töflu 2.

**Tafla 2. Yfirlit yfir steypublöndur.**

	C30/37:XC1-S2-8/16	C50/60:XC1-S4-0/8
Sement	Portlandsement CEM I 52.5 N	Portlandsement CEM I 52.5 N
Sementsmagn kg/m <sup>3</sup>	350	500
v/s max	0,44	0,38
Umhverfisflokkur	XC1	XC1

<b>Sigmálsflokkur</b>	S3	S4
<b>Styrkflokkur</b>	C30/37	C50/60
<b>Minnsta/mesta kornastærð</b>	8/16	0/8

Ýtarlegri blöndunarhlutföll steypunnar í þessu verkefni má sjá í viðauka.

Við ákvörðun magns trefja var stuðst við eftirfarandi jöfnu og einnig

$$C_f = \frac{mf \times 1000}{V_d}$$

**Jafna 1 Jafna til að reikna trefjamagn fyrir sýnatökur. (8)**

$C_f$  er magn trefja í  $kg/m^3$

$$C_{f1} = 12kg/m^3$$

$$C_{f2} = 16kg/m^3$$

$m_f$  er þyngd trefja í sýninu í grömmum

$V_d$  er stærð sýnis í  $m^3$

**Tafla 3. Trefjamagn í hvert sýni mv  $12kg/m^3$ .**

$C_{f1} (kg/m^3)$	$m_{f1}$	$V_{d1}$
<b>12</b>	162	0,014



**Tafla 4. Trefjamagn í hvert sýni mv 16kg/m<sup>3</sup>.**

<b>C<sub>f2</sub> (kg/m<sup>3</sup>)</b>	<b>m<sub>f2</sub></b>	<b>V<sub>d2</sub></b>
<b>16</b>	216	0,014

Starfsmenn BM Vallá sáu alfarið um að útbúa steypublöndurnar útfrá hönnun höfundar og leiðbeinenda.

Við brot á steypusýnum var notuð Tinius Olsen pressa, í eigu Mannvits verkfræðistofu, og er hún tölvustýrð með hugbúnaði frá Horizon. Pressan uppfyllir kröfur kafla 4.2 and 4.3 í ÍST EN 12390-4:2019 Testing hardened concrete - Part 4: Compressive strength - Specification for testing machines.



**Mynd 11. Tinius Olsen press á rannsóknarstofu Mannvits.**

### **3.1.1 Um trefjarnar.**

Reforcetech trefjarnar sem notaðar voru eru stífar basalttrefjastangir. Þvermál þeirra er 0,72 mm og lengd 50 mm. Basaltþræðirnir hafa verið snúnir saman og blandaðir með Vinylester plastefni og þar af leiðandi er það snúið(undið) yfirborð sem veldur betri tengingu við steinsteypuna og eykur styrk gagnvart útdrætti. Við íblöndun þessara trefja í steypuna breytist vinnanleiki steypunnar lítið sem ekkert og auðvelt var að koma henni í mótin. Nánari tæknilýsingu ásamt öryggisblaði má finna í viðauka B.



**Mynd 12. Reforcetech Minibar (mynd frá framleiðanda).**



**Mynd 13. Reforcetech minibar stöngin er stíf basalttrefjastöng.**

Basaltex er hin gerð basalttrefjanna sem notaðar voru í rannsókninni. Þær eru mjúkar viðkomu, samsettar úr örfínum þráðum í knippi sem eru örlítið stíft en mýkjast þegar þau eru meðhöndluð og brotin í sundur. Þessar trefjar eru um 30 mm að lengd með flatt þversnið. Við íblöndun þessara trefja í steypuna varð steypan illvinnanleg og má lýsa því þannig að trefjarnar hafi hreinlega þurrkað steypuna upp og þurfti að auka umtalsvert við flotefnið í steypunni svo hægt væri að vinna hana í mótin. Nánari tæknilýsingu ásamt öryggisblað má finna í viðauka.



**Mynd 14. Basalttex BCS17-25.4-KV1 (mynd frá framleiðanda).**



**Mynd 15. Basalttex BCS17-25.4-KV1, samsett úr örfínum þráðum í knippum.**

### 3.1.2 Myndir frá framkvæmd og rannsókn.



**Mynd 16. Skömmtun trefja í steypu.**



**Mynd 17. Sigmálsmæling.**



**Mynd 18. Íblöndun trefja í hræruna.**



**Mynd 19. Steypan komin í mótin á víbraborði BM Vallá.**



**Mynd 20. Flutningur á sýnum á rannsóknarstofu..**



**Mynd 21. Sýnin komin í geymslu á rannsóknarstofu Mannvits.**



**Mynd 22. Sýni í broti.**



**Mynd 23. Sýni í broti.**



**Mynd 24. Sýni í broti.**





**Mynd 25. Sýni eftir brot.**



**Mynd 26. Tækjabúnaður rannsóknar.**



**Mynd 27. Sýni eftir brot.**



**Mynd 28. Reforcetech Minibars sýni eftir brot.**

## 4 Niðurstöður.

### Beygjutogstyrkur C30/37:SC1 trefjasteypu.

Eins og áður segir er hér um að ræða samanburðarrannsókn á beygjutogstyrk steyptra bita með rannsóknaraðferð sem byggð er á ÍST EN 14488-3:2006 og skýrslu frá ACI (American Concrete Institute), ACI 544.4R-18 sem er stöðluð rannsóknaraðferð fyrir beygjutogstyrk trefjastyrktrar steinsteypu (biti með fjögurra punkta álagi). Þessi prófunaraðferð mælir sveigjuþol trefjabentrar steinsteypu sem fæst með því að mæla einfalt studdann bita undir álagi.

Gert var svokallað fjögurra punkta álagspróf eins og því er lýst í staðlinum, en þessi aðferð gefur nákvæma mynd þegar litið er til áhrifa trefjanna við að dreifa togálaginu sem myndast í þversniðinu, og tryggir að um vægisbrot sé að ræða í stað skerbrots. Í staðlinum er einnig í boði að taka samskonar próf en með þremur álagspunktum, þ.e.a.s. kraftinum  $F$  er beitt á miðjan bita í stað þess að deila honum í tvennt. Munurinn á þessum tveimur útfærslum prófanna er að í þriggja punkta álagsbeygjuþrófinu er álagssvæðið minna samanborið við svæðið sem boðið er upp á í fjögurra punkta álagsbeygjuþrófinu. Fyrir vikið er dreifing álags jafnari og breiðari í fjögurra punkta beygjuþrófinu samanborið við þriggja punkta beygjuþrófið. Prófið lýsir álagsferli í hlutfalli við niðurbeygju og hegðun eftir að vægisbrot hefur átt sér stað. Sérstaklega er verið að skoða hegðun eftir brot á sýni (e. post-peak behaviour analysis), þar sem ástæðan fyrir því að nota trefjar í steypu er að auka seiglu (e. ductility) steypunnar. Sýnataka og prófanir voru gerð s.k.v. ÍST EN 14488-3:2006 og voru sýnin geymd í 100% raka frá því sýnin voru steipt og þar til prófanirnar fóru fram. Niðurstöður prófana sýndu gott samræmi álagsbrota og styrkleifar innan hvers sýnamengis eins og sjá má á gröfum í köflum hér aftar.

#### 4.1.1 Útreikningar og jöfnur.

Eftir hverja prófun skrifaði Horizon hugbúnaðurinn á rannsóknarstofu Mannvits, CVS skrá sem sýndi álagið, álagshraða, tíma og hreyfingu bitans frá upphafi prófunar frá báðum skynjurum. Úr hverri gagnaskrá var dregið út línurit til sjónrænnar niðurstöðu og samanburðar.

Meðaltal færslu var reiknað út með því að nota tvo tilfærsluskynjara á pressunni, þar sem  $d_1$  er álestur á tilfærslunema 1 og  $d_2$  er álestur á tilfærslunema 2.  $D_{10}$  og  $d_{20}$  eru settar tilfærslur í upphafi prófunar, þ.e.a.s. núllpunktur.

Útreikningur á heildarfærslu er s.k.v. jöfnu 1.

$$d_{tot} = \frac{((d_1 - d_{10}) + (d_2 - d_{20}))}{2}$$

**Jafna 2. Heildarmeðalfærsla bita undan álagi frá núllpunkti.**

Force (N)	Position (mm)	Position Rate (mm)	Time (min)	Displacement 1 (mm) d1	Displacement 2 (mm) d2	Dtot
252	0.00253	-73.5	0.351	-0.001	-0.0019	0
37000	0.963	1.37	2.03	0.0756	0.085	0.08175
37300	0.966	1.36	2.04	0.077	0.0868	0.08335
37600	0.969	1.25	2.04	0.0784	0.0886	0.08495
37900	0.973	1.35	2.04	0.0799	0.0908	0.0868
38200	0.977	1.43	2.04	0.0814	0.0927	0.0885
38400	0.98	1.49	2.05	0.0838	0.0958	0.09125
38400	0.984	1.43	2.05	0.0882	0.102	0.09655
37900	0.988	1.42	2.05	0.0965	0.114	0.1067
35400	0.994	1.82	2.05	0.124	0.152	0.13945
32200	1	2.54	2.06	0.159	0.202	0.18195
31100	1.01	2.33	2.06	0.176	0.226	0.20245
30600	1.01	1.64	2.06	0.185	0.239	0.21345

**Tafla 5 Dæmi um útskrift gagna eftir hverja prófun þar sem  $d_{tot}$  hefur verið reiknað út s.k.v. jöfnu 2.**Útreikningur beygjustryks ( $f_r$ ) er s.k.v. jöfnu 3

$$f_r = \frac{P \times l}{(w \times d^2)}$$


### Jafna 3. Beygjutogstyrks basalttrefjabundinnar steypu.

Þar sem :

- P er álagið ( $P_{fp}$  eða  $P_{ult}$ ) skilgreint í newtonum, sjá mynd 29.
- l er span bitans yfir undirstöður (450 mm)
- w er breidd bita næst brotsvæðinu (150 mm)
- d er þykkt bita næst brotsvæðinu (150 mm)

Eins og áður hefur komið fram keyrði hugbúnaðurinn sjálfkrafa þar til færsla bitans var 5 mm. ÍST EN 14488-3: 2006 gerir ráð fyrir breytilegum hraða álagsprófsins samkvæmt eftirfarandi:

1. fyrst 5 mm/mín upp í 250 N,
2. 0,25 mm/mín þar til niðurbeygja bitans var komin í 0,5 mm
3. Eftir það, 1 mm/mín til enda og niðurbeygjan náði 5 mm.



**Mynd 29. Aðferðafræði við að skilgreina álag Pfp.**

S.k.v. ÍST EN 14488-3:2006, grein 7.2 *Residual flexural strengths* skulu styrkleifar reiknaðar út frá lágmarksálagi á niðurbeygjufurli á milli 0,5 mm og 1 mm, 2 mm og 4 mm (sem samsvarar lítilli, eðlilegri og mikilli aflögun samanber flokkum D<sub>1</sub>, D<sub>2</sub> og D<sub>3</sub> sem skilgreindir eru í ÍST EN 14487-1).

- Styrkleif ( $f_{r1}$ ) skal reiknuð út frá lágmarksálagi ( $P_{r1}$ ) sem er skráð á milli 0,5 mm og 1,0 mm niðurbeygju bitans.
- Styrkleif ( $f_{r2}$ ) skal reiknuð út frá lágmarksálagi ( $P_{r2}$ ) sem er skráð á milli 0,5 mm og 2,0 mm niðurbeygju bitans.
- Styrkleif ( $f_{r4}$ ) skal reiknuð út frá lágmarksálagi ( $P_{r4}$ ) á milli 0,5 mm og 4,0 mm niðurbeygju bitans.

Hver styrkleif skal reiknuð út sem jafngildi togstyrks með því að nota jöfnu 3.

Í þessu verkefni var beygjubrotstyrkur skilgreindur sem  $f_{ult}$  út frá hámarksálagi  $P_{ult}$  (peak load)

#### 4.1.2 Reforcetech Minibars 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-8/16 steypu.

Prófun á þessari gerð bita með þessu trefjamagni RFT gekk upp að því leyti að vikmörk brots útfrá álagi var sambærilegt í öllum sýnum. Frávik í broti frá mesta og minnsta álagi,  $P_{ult}$ , reyndist vera um 4%. Öll sýnin sýndu með greinilegum hætti hvernig trefjarnar tóku við togálaginu eftir brot og héldu í kringum 50% styrk í bitanum í allt að tveggja mm færslu (niðurbeygju) bitans.



**Mynd 30. Biti með Reforcetech Minibars 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-8/16 steypu.**

4.1.2.1 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 1.


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

Tafla 6. RFT 8/16\_12 Beygjutogstyrkur sýni 1.

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
36900	4,92 N/mm <sup>2</sup>

Tafla 7. RFT 8/16\_12 Styrkleif í sýni 1.

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	27900	450	150	150	3.72 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	17763	450	150	150	2.37 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	-	-	-	-



Mynd 31. RFT 8/16\_12 sýni 1.



4.1.2.2 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 2.


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

Tafla 8. RFT 8/16\_12 Beygjutogstyrkur sýni 2.

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
37100	4,95 N/mm <sup>2</sup>

Tafla 9. RFT 8/16\_12 Styrkleif í sýni 2.

Styrkleif ( $f_r$ )	mm	P (N)	l	w	d	
$f_{r1}$	0.5-1	23100	450	150	150	3.08 N/mm <sup>2</sup>
$f_{r2}$	0.5-2	17661	450	150	150	2.35 N/mm <sup>2</sup>
$f_{r4}$	0.5-4	-	-	-	-	-



Mynd 32. RFT 8/16\_12 sýni 2.

4.1.2.3 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 3.


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

Tafla 10. RFT 8/16\_12 Beygjutogstyrkur sýni 3.

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
38400	5,12 N/mm <sup>2</sup>

Tafla 11. RFT 8/16\_12 Styrkleif í sýni 3.

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	27200	450	150	150	3.63 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	17661	450	150	150	2.79 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	-	-	-	-



Mynd 33 RFT 8/16\_12 sýni 3

**4.1.2.4 Samanburður á beygjutogstyrk og styrkleif.**

Meðaltal beygjutogstyrks og styrkleifar fyrir þetta sýni fyrir var reiknað s.k.v. jöfnu 3.


**Tafla 12 RFT 8/16\_12 Meðaltal beygjutogstyrks allra sýna.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
37467	5,00 N/mm <sup>2</sup>

**Tafla 13 RFT 8/16\_12 Meðaltal styrkleifa allra sýna.**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	26067	450	150	150	3,48 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	18779	450	150	150	2,50 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	-	-	-	-

Að meðaltali var styrkleifin 50% af beygjutogstyrk bitans eftir 2ja mm niðurbeygju,  $f_{ult} = 5,00\text{N/mm}^2$   
 ->  $f_{r2} = 2,50\text{N/mm}^2$



**Mynd 34. RFT 8/16\_12 Samanburður á beygjutogstyrk þriggja sýna.**

#### 4.1.3 Reforcetech Minibars 12kg/m<sup>3</sup> í C50/60XC1-S4-0/8 steypu.

Prófun á þessari gerð bita með þessu trefjamagni RFT var gerð af Jóhanni Inga og er hluti af B.Sc verkefni hans. Vikmörk brots útfra álagi var sambærilegt í öllum sýnum. Frávik í broti frá mesta og minnsta álagi,  $P_{ult}$ , reyndist vera um 12%. Í öllum tilfellum var um vægisbrot að ræða. Þessi tilraun sýnir með mjög áberandi hætti virkni trefjanna í þversniðinu og hvernig styrkleifin í bitunum fer aldrei undir 15% af beygjutogstyrk bitans.

**4.1.3.1 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 1.**


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

**Tafla 14. RFT 0/8\_12 Beygjutogstyrkur í sýni 1.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
<b>37000</b>	<b>4,93 N/mm<sup>2</sup></b>

**Tafla 15. RFT 0/8\_12 Styrkleif í sýni 1.**

Styrkleif ( $f_r$ )	mm	P (N)	l	w	d	
$f_{r1}$	0.5-1	23900	450	150	150	<b>3.19</b> N/mm <sup>2</sup>
$f_{r2}$	0.5-2	16500	450	150	150	<b>2.20</b> N/mm <sup>2</sup>
$f_{r4}$	0.5-4	7090	450	150	150	<b>0.95</b> N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 35. RFT 0/8\_12 sýni 1.**

**4.1.3.2 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 2.**


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

**Tafla 16. RFT 0/8\_12 Beygjutogstyrkur í sýni 2.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
32600	4,35 N/mm <sup>2</sup>

**Tafla 17. RFT 0/8\_12 Styrkleif í sýni 2**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	22800	450	150	150	3.63 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	14800	450	150	150	2.79 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	7760	450	150	150	1,03 N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 36. RFT 0/8\_12 sýni 2.**

**4.1.3.3 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 3.**

Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.


**Tafla 18. RFT 0/8\_12 Beygjutogstyrkur í sýni 3.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
---------------	-----------

**33100      4,41 N/mm<sup>2</sup>**

**Tafla 19. RFT 0/8\_12 Styrkleif í sýni 3.**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
<i>fr1</i>	0.5-1	23700	450	150	150	<b>3.63</b> N/mm <sup>2</sup>
<i>fr2</i>	0.5-2	16300	450	150	150	<b>2.79</b> N/mm <sup>2</sup>
<i>fr4</i>	0.5-4	9850	450	150	150	<b>1,31</b> N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 37. RFT 0/8\_12 sýni 3.**

**4.1.3.4 Samanburður á beygjutogstyrk og styrkleif.**

Meðaltal beygjutogstyrks og styrkleifar fyrir þetta sýni fyrir var reiknað s.k.v. jöfnu 3.


**Tafla 20. RFT 8/16\_12 Meðaltal Beygjutogstyrks allra sýna.**

<b>P<sub>ult</sub> (N)</b>	<b>f<sub>ult</sub></b>
<b>34233</b>	<b>4,56 N/mm<sup>2</sup></b>

Ef borin er saman meðaltal styrkleifar við 2mm niðurbeygju sá sést að hún er 47 % af beygjutogstyrk bitans,  $f_{ult}=4,56\text{N/mm}^2 \rightarrow f_{r2} = 2,12\text{N/mm}^2$

**Tafla 21. 0/8\_12 Meðaltal styrkleifa allra sýna.**

Styrkleif ( $f_r$ )	mm	P (N)	l	w	d	
$f_{r1}$	0.5-1	23467	450	150	150	<b>3,13</b> N/mm <sup>2</sup>
$f_{r2}$	0.5-2	15867	450	150	150	<b>2,12</b> N/mm <sup>2</sup>
$f_{r4}$	0.5-4	8233	450	150	150	<b>1,10</b> N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 38. RFT 0/8\_12 Samanburður á beygjutogstyrk þriggja sýna.**

**4.1.4 Samanburður á Reforcetech Minibars í C50/60XC1-S4-0/8 steypu og C30/37:XC1-S2-8/16 steypu með skammtastærð trefja 12kg/m<sup>3</sup>.**


Gerður var samanburður á RFT trefjum í tvennskonar steypublöndum. Borin var saman meðalstyrkleif  $f_{r1}$  og  $f_{r2}$ .

**Tafla 22. Samanburður á styrkleif með RFT trefjum í tveimur steypublöndum.**

RFT í C30/37:XC1-S2-8/16	RFT í C50/60XC1-S4-0/8	Mismunur %
--------------------------	------------------------	------------



$f_{r1,av}$ ( $N/mm^2$ )	3,48	2,50	39
$f_{r1,av}$ ( $N/mm^2$ )	3,13	2,12	48
$f_{r4,av}$ ( $N/mm^2$ )	-	1,1	
$f_{ult,av}$	5,0	4,56	9



**Mynd 39. Samanburður á RFT allra sýna í 0/8mm og 8/16mm kornastærð steypu.**

**4.1.5 Reforcetech Minibars 16kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-8/16 steypu.**

Í þessari tilteknu prófun á þessari gerð bita með trefjamagni RFT 16kg/m<sup>3</sup>, voru vikmörk brots útfra álagi mismunandi á milli sýna. Frávik frá mesta og minnsta álagi,  $P_{ult}$ , reyndist vera um 35% milli tveggja sýna. Styrkleifin fylgdi frávik í beygjutogstyrk þar sem  $f_{r2}$  í sýni 1 var lægri en í  $f_{r2}$  í sýni 3,  $2.37N/mm^2 \rightarrow 3.23 N/mm^2$ .



**Mynd 40 Biti með Reforcetech Minibars  $16\text{kg}/\text{m}^3$  í C30/37:XC1-8/16 steypu**

4.1.5.1 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 1.


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

Tafla 23. RFT 8/16\_16 Beygjutogstyrkur í sýni 1.

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
29300	3,91 N/mm <sup>2</sup>

Tafla 24 RFT 8/16\_16\_12 Styrkleif í sýni 1

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	23600	450	150	150	3.15 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	17800	450	150	150	2.37 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	-	-	-	-



Mynd 41. RFT 8/16\_16 sýni 1.

4.1.5.2 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 2.

Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.


Ekki reyndir unnt að reikna styrkleif fyrir þetta tiltekna sýni.

**Tafla 25. RFT 8/16\_16 Beygjutogstyrkur í sýni 2.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
38300	5,11 N/mm <sup>2</sup>

**Tafla 26. RFT 8/16\_16\_12 Styrkleif í sýni 2.**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	-	450	150	150	- N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	-	450	150	150	- N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	450	450	150	-



**Mynd 42. RFT 8/16\_16 sýni 2.**

#### 4.1.5.3 Beygjutogstyrkur og styrkleif í sýni 3.


Beygjutogstyrkur og styrkleifar fyrir þetta sýni var reiknað s.k.v. jöfnu 3.

**Tafla 27. RFT 8/16\_16 Beygjutogstyrkur í sýni 3.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
40300	5,31 N/mm <sup>2</sup>

**Tafla 28. RFT 8/16\_16\_12 Styrkleif í sýni 3.**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_1$	0.5-1	32300	450	150	150	4.31 N/mm <sup>2</sup>
$fr_2$	0.5-2	24200	450	150	150	3.23 N/mm <sup>2</sup>
$fr_4$	0.5-4	-	-	-	-	-



**Mynd 43. RFT 8/16\_16 sýni 3.**

**4.1.5.4 Samanburður á beygjustyrk og styrkleif.**

Meðaltal beygjutogstyrks ( $P_{ult-av}$ ) og styrkleifar  $fr_{#av}$  fyrir þetta sýni fyrir var reiknað s.k.v. jöfnu 3.


**Tafla 29. RFT 8/16\_12 Meðaltal beygjutogstyrks sýna 1 og 3.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
35967	4,80 N/mm <sup>2</sup>

Ef borin er saman meðaltal styrkleifar við 2mm niðurbeygju sést að hún er 71% af beygjutogstyrk bitans,  $f_{ult}=4,80\text{N/mm}^2 \rightarrow f_{r2} = 2,80\text{N/mm}^2$ .

**Tafla 30. 8/16\_16 Meðaltal styrkleifa sýna 1 og 3.**

Styrkleif (fr)	mm	P (N)	l	w	d	
$fr_{1av}$	0.5-1	27950	450	150	150	3.73 N/mm <sup>2</sup>
$fr_{2av}$	0.5-2	21000	450	150	150	2.80 N/mm <sup>2</sup>




**Mynd 44. RFT 8/16\_16 Samanburður á beygjutogstyrk þriggja sýna.**

**4.1.6 Samanburður á Reforcetech Minibars í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu með skammtastærð trefja 12kg/m<sup>3</sup> og 16kg/m<sup>3</sup>.**

Gerður var samanburður á RFT trefjum í tvennskonar steypublöndum. Borin var saman meðalstyrkleif  $f_{r1}$  og  $f_{r2}$ .

**Tafla 31. Samanburður á RFT í tveimur skammtastærðum.**

	RFT í C30/37:XC1-S2-8/16 12 kg/m <sup>3</sup>	RFT í C30/37:XC1-S2-8/16 16 kg/m <sup>3</sup>	Mismunur %
$f_{r1,av}$ (N/mm <sup>2</sup> )	3,48	3.73	7
$f_{r1,av}$ (N/mm <sup>2</sup> )	2,50	2.80	12
$f_{r4,av}$ (N/mm <sup>2</sup> )	-	-	
$f_{ult,av}$	5,0	4,8	-4



**Mynd 45. RFT 8/16 Samanburður á beygjutogstyrk allra sýna með mismiklu trefjamagni.**

**4.1.7 Basalttex BCS17-25.4-KV1 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu.**

Í kaflanum er gerð grein fyrir niðurstöðum prófana á Basalttex BCS17-25.4-KV1 í skammtastærð 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu. Ekki reyndist unnt að reikna styrkleifar í neinu tilviki þar sem öll sýnin með þessari trefjagerð brotnuðu í tvennt áður en færsla náði 0,5mm. Einungis er því gerð grein fyrir beygjutogstyrk  $f_{ult}$  og hámarksálagi,  $P_{ult}$ , í hverju sýni fyrir sig og niðurstöður bornar saman í lokin.



**Mynd 46. Lýsandi mynd af bita með Basalttex BCS17-25.4-KV1 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 steypu eftir brot.**




**4.1.7.1 Beygjutogstyrkur í sýni 1.**

Hámarksálag á þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 32. Hámarksálag fyrir brot BT 8/16\_12 sýni 1.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
40400	5.39 N/mm <sup>2</sup>




**Mynd 47. BT 8/16\_12 sýni 1.**

### 4.1.7.2 Beygjutogstyrkur í sýni 2

Hámarksálag á þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 33. Hámarksálag fyrir brot BT 8/16\_12 sýni 2.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
45500	6,07 N/mm <sup>2</sup>




**Mynd 48. BT 8/16\_12 sýni 2.**

#### 4.1.7.3 Beygjutogstyrkur í sýni 3

Hámarksálag á þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 34. Hámarksálag fyrir brot BT 8/16\_12 sýni 3.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
48500	6,47 N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 49. BT 8/16\_12 sýni 3.**


**4.1.7.4 Samanburður á beygjutogstyrk í öllum sýnum.**

Hámarksálag fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 35. Samanburður á hámarksálagi ( $P_{ult}$ ) fyrir brot BT 8/16\_12.**

	$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$	
$P_{ult,1}$ (N)	40400	5,39	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,2}$ (N)	45500	6,07	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,3}$ (N)	48500	6,47	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,av}$ (N)	44800	5,97	N/mm <sup>2</sup>

Í beinum samanburði sést að munur á milli mesta 6,47N/mm<sup>2</sup> og minnsta beygjutogstyrks 5.39N/mm<sup>2</sup> er 20%.



**Mynd 50. BT 8/16\_12 Samanburður allra sýna.**

#### 4.1.8 Basalttex BCS17-25.4-KV1 12kg/m<sup>3</sup> í C50/60XC1-S4-0/8 steypu.


Í kaflanum er gerð grein fyrir niðurstöðum prófana á Basalttex BCS17-25.4-KV1 í skammtastærð 12kg/m<sup>3</sup> í C50/60XC1-S4-0/8 steypu. Sama vandamál reyndist vera um að ræða hér, ekki reyndist unnt að reikna styrkleifar í neinu tilviki þar sem öll sýnin brotnuðu í tvennt áður en færsla náði 0,5mm. Einungis er því gerð grein fyrir beygjutogstyrk  $f_{ult}$  og og hámarksálagi,  $P_{ult}$ , í hverju sýni fyrir sig og niðurstöður bornar saman í lokin.

4.1.8.1 Beygjutogstyrkur í sýni 1.

Beygjutogstyrkur fyrir þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

Tafla 36. Hámarksálag fyrir brot BT 0/8\_12 sýni 1.

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
32500	4,33 N/mm <sup>2</sup>




Mynd 51 BT 0/8\_12 sýni 1.

**4.1.8.2 Beygjutogstyrkur í sýni 2.**

Beygjutogstyrkur fyrir þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 37. Hámarksálag fyrir brot BT 0/8\_12 sýni 2.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
34800	4,67 N/mm <sup>2</sup>


**Mynd 52 BT 0/8\_12 sýni 2.**

**4.1.8.3 Beygjutogstyrkur í sýni 3.**

Beygjutogstyrkur fyrir þetta sýni fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 38. Hámarksálag fyrir brot BT 0/8\_12 sýni 3.**

$P_{ult}$ (N)	$f_{ult}$
30500	4,07 N/mm <sup>2</sup>

**Mynd 53. BT 0/8\_12 sýni 3.**




**4.1.8.4 Samanburður á beygjutogstyrk í öllum sýnum.**

Beygjutogstyrkur fyrir brot var reiknað s.k.v. jöfnu 3, sjá töflu.

**Tafla 39. Samanburður á hámarksálagi ( $P_{ult}$ ) fyrir brot BT 0/8\_12.**

f <sub>ult</sub>			
$P_{ult,1}$ (N)	32500	4,33	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,2}$ (N)	34800	4,67	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,3}$ (N)	30500	4,07	N/mm <sup>2</sup>
$P_{ult,av}$ (N)	32600	4,35	N/mm <sup>2</sup>



**Mynd 54. BT 0/8\_12 Samanburður allra sýna.**

**4.1.9 Samanburður á Basalttex BCS17-25.4-KV1 12kg/m<sup>3</sup> í C30/37:XC1-S2-8/16 og C50/60XC1-S4-0/8 steypu.**

Ef bornar eru saman töflur 35 og 39 kemur bersýnilega í ljós að umtalsverður munur er á hvað varðar beygjutogstyrk. Álykta má sem svo að sementsmagn hafi minni áhrif á beygjutogstyrk en kornastærð steypunnar.

**Tafla 40. Samanburður á beygjutogstyrk Basalttex BCS17-25.4-KV1.**

	C30/37:XC1-S2-8/16		C50/60XC1-S4-0/8			
		$f_{ult}$		$f_{ult}$		Mism.%
$P_{ult,1}$ (N)	40400	5,39	32500	4,33	N/mm <sup>2</sup>	24
$P_{ult,2}$ (N)	45500	6,07	34800	4,67	N/mm <sup>2</sup>	30
$P_{ult,3}$ (N)	48500	6,47	30500	4,07	N/mm <sup>2</sup>	59
$P_{ult,av}$ (N)	44800	5,97	32600	4,35	N/mm <sup>2</sup>	37

## 5 Mat á niðurstöðum

---

Eins og segir í upphafi ritgerðarinnar þá verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver eru áhrif mismunandi trefjagerða á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu.
- Hver eru áhrif skammtastærða basalttrefja á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu.
- Hver eru áhrif mismunandi kornastærða steinefna á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu.

### Samantekt.

#### Hver eru áhrif mismunandi trefjagerða á beygjutogstyrk basalttrefjabundinnar steinsteypu ?

Til umfjöllunar eru kafli 4.1.2 “Reforcetech Minibars  $12\text{kg}/\text{m}^3$  í C30/37:XC1-8/16 steypu” og kafli 4.1.7 “Basalttex BCS17-25.4-KV1  $12\text{kg}/\text{m}^3$  í C30/37XC1-8/16 steypu”.

